

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Sagnfræði**

## **Frelsi til að velja?**

*Gísli Sveinsson og áhrif hans á fyrstu forsetakosningar íslensku  
þjóðarinnar*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Sara Hrund Helgudóttir**  
**Kt.: 291289-2159**

**Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir**  
**September 2017**

## Ágrip

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er forsetaframboð Gísla Sveinssonar árið 1952. Fjallað er um hver Gísli var, hvað hann afrekaði og hvað leiddi til þess að hann ákvað að fara í framboð. Farið er yfir kosningabaráttu og fylgi hans í öðru ljósi en áður hefur verið gert, ásamt því að rannsaka hvers vegna Gísli fékk ekki fleiri atkvæði en raun ber vitni. Að lokum er sýnt fram á hvort og þá hvernig þátttaka Gísla hafi haft áhrif á niðurstöður fyrstu forsetakosninga íslensku þjóðarinnar.

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Inngangur</b> .....  | <b>3</b>  |
| <b>1. kafli - Gísli Sveinsson - uppruni og starfsferill</b> ..... | <b>6</b>  |
| Gísli og fjölskylda.....  | 6         |
| Skólaárin .....   | 7         |
| Heimkominn .....  | 9         |
| Þingferill og trúnaðarsstörf .....                                | 10        |
| Gísli í starfi sínu sem sýslumaður .....                          | 14        |
| Talsmaður kirkjunnar .....  | 16        |
| Sendiherra í Osló.....  | 18        |
| <b>2. kafli - Hvers vegna forsetaframboð?</b> .....               | <b>20</b> |
| Staða Gísla innan Sjálfstæðisflokksins .....                      | 20        |
| Stjórnarskrármálið.....   | 22        |
| Fyrsti forseti hins íslenska lýðveldis.....                       | 23        |
| Aðragandi forsetakosninganna árið 1952 .....                      | 25        |
| Ákvörðun og áhrifavaldar Gísla.....                               | 30        |
| <b>3. kafli - Kosningabaráttan</b> .....                          | <b>31</b> |
| Ósætti innan Sjálfstæðisflokksins .....                           | 31        |
| Rödd fólksins .....   | 32        |
| Framboðin tilkynnt.....   | 33        |
| Stuðningur flokkanna.....   | 35        |
| Baráttan á síðustu metrunum .....                                 | 38        |
| Áhrif frambjóðendanna á þjóðina .....                             | 40        |
| <b>4. kafli - Viðbrögð og úrslit kosninganna</b> .....            | <b>45</b> |
| Þjóðkjörinn forseti með minna en helming atkvæða .....            | 45        |
| Viðbrögð fjölmiðla.....   | 47        |
| <b>5. kafli - Hvers vegna fékk Gísli ekki meira fylgi?</b> .....  | <b>50</b> |
| Kænska Ásgeirsmanna.....  | 50        |
| Stuðningsmenn Gísla .....   | 53        |
| Kosningar um mann eða flokk? .....                                | 55        |
| <b>Niðurstöður</b> .....  | <b>58</b> |
| <b>Heimildaskrá</b> .....   | <b>61</b> |

## Inngangur

Þjóðin fékk í fyrsta sinn að velja sér forseta árið 1952, átta árum eftir að Ísland varð lýðveldi. Kosningabaráttan var harðskeytt og einkenndist af illu umtali, rógburði sem og lofræðum um frambjóðendur. Þrír menn gáfu kost á sér til kjörs en lítið sem ekkert hefur verið skrifað um einn þeirra í gegnum tíðina. Viðfangsefni þessarar ritgerðar er sá maður, Gísli Sveinsson og forsetaframboð hans sem hugsanlega hafði úrslitaáhrif á lyktir kjörsins.

Við fyrstu sýn þegar kosningarnar eru rannsakaðar er Gísli sýndur í þeirri mynd sem lykilmenn stjórnmalanna á sjötta áratugnum birtu af honum. Flestar heimildir af honum eru frekar neikvæðar og sú mynd er dregin upp að hann hafi ekki verið marktækur sem stjórnmalamaður. Við nánari skoðun kemur ýmislegt áhugavert fram sem sýnir ævistarf Gísla í mun jákvæðara ljósi. Eins og alltaf eru tvær hliðar á öllum málum og með ritgerðinni er markmiðið að koma með aðra og skýrari sýn á Gísla en áður hefur verið rituð.

Í fyrsta kaflanum er einblínt á lífsferil Gísla, uppruna og starfsferil til þess að öðlast betri skilning á manninum bakvið forsetaframboðið. Annar kafli snýst um hvers vegna hann ákvað að fara í framboð og aðdraganda kosninganna. Einnig er fjallað um stöðu Gísla innan Sjálfstæðisflokksins, sem hann tilheyrði. Þó nokkuð hefur verið skrifað áður um kosningabaráttuna en oftast er lítið fjallað um Gísla, ef að nafn hans er á annað borð nefnt í því samhengi. Þar af leiðandi er þriðji kafli mest megnis tileinkaður kosningabaráttu hans og samanburði á viðureign allra frambjóðenda fyrir kosningar. Í fjórða kafla er farið yfir niðurstöður kjörsins og í fimmta og síðasta kaflanum er komið inn á fylgi og stuðning við Gísla. Fjallað er um hverjir studdu hann til forseta og þeirra viðbrögð við úrslitunum. Þar að auki er þeirri spurningu svarað hvort þátttaka Gísla í kosningunum hafi haft áhrif á málalok.

Heilmikil vinna fór í að finna upplýsingar um hann, bæði þar sem embættismannaskjölin hans eru á víð og dreif um landið og hversu rýrt efni er til um hann. Í þeim ritum sem Gísli kemur við sögu eru heimildir um hann alla jafna sóttar í skjalasöfn samstarfsmanna hans, sem þá leiddu stjórnmalabaráttu þjóðarinnar. Þannig hafa heimildir úr skjalasöfnum Bjarna Benediktssonar, Björns Þórðarsonar og Ólafs Thors nýst við vinnslu ritgerðarinnar. Skúli Oddson, formaður Skaftfellingafélagsins í

Reykjavík heldur sómasamlega utan um fundargerðir og viðburði á þeirra vegum, sem Gísli sótti þegar hann hafði færi á. Einnig eru til tvær öskjur með skjölum sem tilheyrðu Gísla á Héraðsskjalasafninu í Skógum og nokkrar öskjur frá þeim tíma er hann sinnti starfi sendiherra fyrir hönd Íslands í Noregi. Þær er að finna á Þjóðskjalasafni Íslands og tengjast frekar fjármálum en daglegum stöfum hans þar úti. Skjölin sýna þó greinilega hversu nákvæmur hann var í fjármálum enda var Gísli mótaður af því að hafa menntað sig þrátt fyrir að foreldrar hans hefðu ekki verið efnaðir og var hagsýnn og gætti sparsemi, bæði varðandi sína eigin peninga og annarra.<sup>1</sup> Loks er að finna endurminningar ritaðar af Gísla sjálfum á Handritadeild Landsbókasafns Íslands.<sup>2</sup>

Stór hluti undirbúningsvinnu ritgerðasmíðarinnar fór í lestur birtra samtímaheimilda, bæði fjölmiðla og framboðsefni, sem reyndist afar fróðlegt og gagnlegt. Það sama á við um bækur um stjórnámamenn og -flokka, s.s. ævisögur Gunnar Thoroddsen og Ólafs Thors og bækur tengdar forsetaembættinu. Eithvað af ræðum sem Gísli flutti eru geymdar á safnadeild Ríkisútvarpsins, merkilegust þeirra er án nokkurs vafa ræðan sem hann flutti við stofnun Lýðveldis þann 17. júní 1944. Einnig fór fram heimildaleit hjá afkomendum hans og leitað var eftir heimildamönnum úr stuðningsliði Gísla.

Í þessari ritgerð er lögð áhersla á að segja frá forsetakosningunum á annan hátt en áður hefur verið gert. Hver var Gísli Sveinsson og hvað afrekaði hann? Hvers vegna fór hann í framboð og afhverju fékk hann ekki meira fylgi en raun ber vitni? Þetta eru þær spurningar sem leitast verður við að svara í þessari ritgerð, ásamt því að fjalla almennt um Gísla og hans umhverfi.

Lífsstarf Gísla er merkilegt fyrir margar sakir, ekki síst vegna þess hversu miklu hann áorkaði yfir ævina, í því sem hann tók sér fyrir hendur. „Lífið er vinna“ var það orðatiltæki sem Gísli tileinkaði sér einna helst og fylgdi alla tíð.<sup>3</sup> Ritstjóri *Vísis*, Kristján Guðlaugsson, studdi Gísla í forsetakosningunum en blaðið var þó hlutlaust í kosningabaráttunni af tillitssemi við Sjálfstæðisflokkinn.<sup>4</sup> Kristján og Gísli voru vinir og lýsir Kristján honum sem svo í minningargrein:

---

<sup>1</sup> ÞÍ. Sendiráð Íslands í Osló, Gísli Sveinsson; Óskar Jónsson, „Gísli Sveinsson“, *Tíminn* 9. desember 1959, bls. 8.

<sup>2</sup> Fleiri heimildir er að finna t.d. á Skjalasafni Alþingis og í einkaskjalasafni Sveins Björnssonar.

<sup>3</sup> Kristján Guðlaugsson, „Gísli Sveinsson“, *Vísir* 8. desember 1959, bls. 6.

<sup>4</sup> Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 327.

Þeir, sem þekktu Gísla Sveinsson best, mátu hann mest, að verðleikum. Hann var, „klassiker“ í þess orðs beztu merkingu, - maður gamla skólans í orðum og athöfnum, reglusamur, stefnufastur, stjórnsamur og formfastur í öllum athöfnum, hvort sem var í opinberu eða einkalífi. Gleðimaður gat hann verið í hófi og gamansamur ávallt. Hann var gáfaður mannúðarmaður, margfróður af bókum og lífsreynslu, lét sér ekki títt um annarra hagi, en lagði gott til allra mála, sem hann hafði skipti af. Með stjórnsemi afstýrði hann mörgum áföllum. Skáldmæltur var hann vel, en hafði hljótt um.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> Kristján Guðlaugsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 6.

## 1. kafli

### Gísli Sveinsson - uppruni og starfsferill

#### Gísli og fjölskylda

Gísli Sveinsson fæddist þann 7. desember árið 1880 á Sandfelli í Öræfum. Foreldrar hans voru Sveinn Eiríksson, prestur og alþingismaður, og Guðríður Pálsdóttir, húsmóðir. Gísli átti ættir að rekja til Skaftafellssýslu og ólst upp í bæði austur- og vesturhluta hennar.<sup>6</sup>

Afi Gísla í föðurætt var Eiríkur Jónsson hreppstjóri í Hlíð í Skaftártungu, kvæntur Sigríði Sveinsdóttur. Foreldrar Sigríðar voru Sveinn Pálsson, fjórðungslæknir í Vík, náttúrufræðingur og rithöfundur og Þórunn, dóttir Bjarna Pálssonar sem var fyrsti landlæknir Íslands. Afi Þórunnar var Skúli Magnússon landfógeti. Móðurforeldrar Gísla voru Páll prófastur Pálsson í Hörgsdal á Síðu, fulltrúi Skaftfellinga á þjóðfundinum 1851, og kona hans Guðríður Jónsdóttir.<sup>7</sup> Sveinn, faðir Gísla, sat á þingi fyrir Austur-Skaftafellsýslu árin 1886-1892 og var prestur að Sandfelli þegar Gísli fæddist. Fjölskyldan flutti síðar að Kálfafellsstað í Suðursveit eftir að Sveinn fékk veitingu fyrir því prestakalli og loks að Ásum í Skaftártungu þar sem hann var prestur til dauðadags en hann druknaði í Kúðafljóti árið 1907, þegar Gísli var 27 ára gamall.<sup>8</sup>

Gísli var þriðji yngstur í ellefu systkinahópi og átti sjö bræður og þrjár systur. Árið 1914 giftist hann konu sinni, Guðrúnu Pálinu Einarsdóttur. Faðir hennar var Einar Jón Pálsson trésmiður í Reykjavík og móðir hennar Sigríður Láretta Pétursdóttir. Gísli og Guðrún eignuðust fimm börn, þrjár dætur og tvo syni, en aðeins annar drengurinn óx úr grasi, hinn lést fyrir aldur fram.<sup>9</sup> Börn þeirra hjóna er komust á legg voru Guðríður,

---

<sup>6</sup> Jörundur Brynjólfsson, „Gísli Sveinsson“, *Tíminn* 9. desember 1959, bls. 5; Sigurður Bjarnason, „Gísli Sveinsson fyrrv. Alþingisforseti“, *Morgunblaðið* 8. desember 1959, bls. 13; *GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi*; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 203.

<sup>7</sup> Benedikt Sveinsson, „Gísli Sveinsson sýslumaður, sextugur í dag“, *Morgunblaðið* 7. desember 1940, bls. 5; Ólafur Þ. Jónsson, „250 ára afmæli“, bls. 240; *GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi*; Kristján Guðlaugsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 6.

<sup>8</sup> Óskar Jónsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 5; Skúli Skúlason, „Sendiráð Íslands í Osló“, bls. 11; „Sveinn Eiríksson. Æviágrip“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=567>>, skoðað 5. maí 2017.

<sup>9</sup> Benedikt Sveinsson, „Gísli Sveinsson sýslumaður, sextugur í dag“, bls. 6.

húsfreyja, Sigríður Stefanía, sjúkrabjálfari, Sveinn, flugstjóri sem starfaði mikið erlendis og Guðlaug, sendiráðsritari í London.<sup>10</sup>

## Skólaárin

Gísli hóf skólagöngu sína hjá séra Gísla Jónssyni, presti að Langholti í Meðallandi, þar sem hann lærði latínu. Árið 1897 flutti hann til Reykjavíkur og gekk í fyrsta bekk Latínuskólans en innganga þangað krafðist einhverrar kunnáttu í latínu. Foreldrar Gísla, höfðu ekki mikla peninga milli handanna og fékk Gísli skólasterk, svonefnda „ölmusu“, sem veitt var fyrir námsgetu og siðþrýði. Gísli og Páll, bróðir hans sem einnig var í námi, bjuggu hjá Breiðfjörðshjónunum í Aðalstræti, þeim Valgarði kaupmanni og Önnu, en unnu heima í Skaftafellssýslu yfir sumartímam. Tvö síðustu skólaárin lærði Gísli utanskóla, að hluta til þess að afla sér fjár og veturinn 1902-1903 gerðist hann heimiliskennari í Kaldaðarnesi hjá Sigurði Ólafssyni, sýslumanni Árnesinga, þar sem hann kenndi sonum hans fræði Latínuskólans.<sup>11</sup> Eftir að hafa lokið stúdentsprófi árið 1903 með góðri 1. einkunn flutti Gísli til Kaupmannahafnar þar sem hann lagði stund á lögfræði.<sup>12</sup>

Á þeim tíma sem Gísli gekk í Latínuskólann var mikill hiti í stjórnámum landsmanna og gekk hann til liðs við Landvarnarmenn, nýja stjórnmalahreyfingu, sem myndaðist í kjölfar þess að heimastjórnarfrumvarpið var samþykkt á Alþingi árið 1902. Landvarnarhreyfingin var andsnúin frumvarpinu og henni tilheyrðu þeir Íslendingar sem mestar kröfur gerðu um sjálfstæði landsins.<sup>13</sup>

Áhugi hans á stjórnámum og þjóðernismálum jókst enn meira við dvölinna í Kaupmannahafnarháskóla og settist hann m.a. í stjórn félags íslenskra Hafnarstúdenta og varð um tíma formaður þess. Árið 1904 flutti Gísli erindi í félaginu þar sem hann fjallaði um mikilvægi algjörstjórnmalaaðskilnaðar við Danmörku og að stefna íslensku þjóðarinnar yrði að markast af því. Hann var einnig í hópi íslenskra námsmanna sem

---

<sup>10</sup> Sigurður Bjarnason, „Gísli Sveinsson fyrrv. Alþingisforseti“, bls. 13; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, *Lesbók Morgunblaðsins* 6. desember 1980, bls. 16.

<sup>11</sup> J.G. Gísli Sveinsson, endurminningar; G.S. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>12</sup> Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 7; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 203.

<sup>13</sup> Sigurður Línal, *Upphaf landvarnar*, bls. 56-57; Agnar Kl. Jónsson, „Í ríkisráði 1904-1918“, bls. 83-98; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Drög að þjóðríki á 19. öld og þingræði 1904“, bls. 78-79; Björn Þórðarson, *Alþingi og frelsisbaráttan*, bls. 113-114; G.S. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.



vildu flytja Hafnardeild íslenska bókmenntafélagsins heim til Íslands og sameina allt félagið í Reykjavík. Mörgum árum seinna var Gísli kjörinn heiðursfélagi bókmenntafélagsins fyrir hans þátt í þessu málefni.<sup>14</sup>

Á námsárunum ritaði hann margar greinar í dönsk blöð, oftast undir dulnefni, og tók þátt í umræðum um sjálfstæðismálið á fundum meðal Dana, í Studentersamfundet, og víðar. Einnig skrifaði hann greinar í íslensk blöð, m.a. í *Eimreiðina*, *Ísafold* og *Ingólf* og þar mátti sjá að stjórnsmál, aðallega sjálfstæðisbarátta Íslendinga, voru honum mjög hugleikin. Þótti ýmsum hann vera býsna stórhuga og jafnvel óbilgjarn. Gísli hafði vítt áhugasvið og skrifaði um ýmislegt fleira en stjórnsmál, t.d. árið 1904 skrifaði hann grein um „Horfur í íslenskum skáldskap“ sem birtist í *Eimreiðinni* árið eftir og um tíma lærði hann heimspeki meðfram lögfræðinni.<sup>15</sup>

Árið 1906 tók Gísli sér hlé frá námi og hélt til Akureyrar þar sem hann dvaldi um hríð. Á þeim tíma hóf hann embættismaferil sinn sem bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður Eyjafjarðarsýslu um sumarið. Þar naut hann góðs af því að hafa klárað fyrri hluta lögfræðiprófs í Kaupmannahöfn þar sem hann stundaði nokkurn málflutning.<sup>16</sup>

Góðvinur Gísla, Guðmundur Hannesson læknir, stuðlaði að útgáfu bæklingis, *Í aftureldingu*, árið 1906 þar sem hann skýrði hver munurinn væri á nýlendu- og sjálfstjórn annars vegar og sjálfstæði hins vegar. Guðmundur sagðist hafa ritað bæklinginn með hvatningu og ráðgjöf frá Gísla vini sínum. Samkvæmt Birni Þórðarsyni, í bókinni *Alþingi og frelsisbaráttan*, varð ritið til þess að almenningur fór að átta sig betur á stjórnsmáladeilunum við Dani og fékk sjálfstæðisstefnan í framhaldinu aukið fylgi meðal þjóðarinnar. Bæði Gísli og Guðmundur voru harðir skilnaðarmenn og á meðan Gísli dvaldist fyrir norðan hófst samvinna þeirra í fullveldismálum.<sup>17</sup> Vestur-Skaftfellingurinn Oddur Jónsson minntist þess síðar meir að Guðmundur hafi sagt um Gísla að hann væri best til foringja fallinn af öllum ungum mönnum sem hann þekkti til

---

<sup>14</sup> *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Gísli Sveinsson, „Frá séra Jóni Sveinssyni“, bls. 1, 3; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 204.

<sup>15</sup> Gísli Sveinsson, „Horfur í íslenskum skáldskap“, bls. 85-92; Skúli Skúlason, „Sendiráð Íslands í Osló“, bls. 11; Gísli Sveinsson, „Stjórnin og sjálfstæðismálið“, bls. 179-195; Kristján Guðlaugsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 6; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>16</sup> Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 7; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>17</sup> Björn Þórðarson, *Alþingi og frelsisbaráttan*, bls. 151; Guðmundur Hannesson, *Í aftureldingu*; Jörundur Brynjólfsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 5; Kristján Guðlaugsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 6; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Benedikt Sveinsson, „Gísli Sveinsson sýslumaður, sextugur í dag“, bls. 5.

á Íslandi.<sup>18</sup> Í júní árið 1907 voru kosnir fjórir fulltrúar til Þingvallafundarins af Akureyrarbæ og stjórnmalafélaginu Skjaldborg, félags Sjálfstæðisflokksins þar. Eina dagskrármál fundarins var sjálfstæðismál þjóðarinnar og var Gísli einn af þeim fulltrúum er sóttu fundinn. Þessi fundur er af mörgum talinn hafa markað grundvöll fyrir áframhaldandi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.<sup>19</sup>

Gísli starfaði í Reykjavík sumarið 1907 og fram á haust en snéri síðan aftur til Kaupmannahafnar og útskrifaðist úr háskólanum með embættismannapróf í lögum árið 1910.<sup>20</sup>

## Heimkominn

Eftir að hafa lokið háskólanámi flutti Gísli til Reykjavíkur og gerðist yfirdómslögmaður þar á tímabilinu 1910-1918. Hann var lögmaður Landsbanka Íslands 1912-1918 ásamt því að vera skipaður í rannsóknarnefnd gjaldkeramáls Landsbankans 1912.<sup>21</sup> Gísli var einn af frumkvöðlum samtaka Félags héraðsdómara og gerðist hann fyrsti formaður þeirra. Hann var einnig meðal stofnenda Málflutningsmannafélags Íslands og var hann félagsmaður þar á meðan hann sinnti lögfræðistörfum.<sup>22</sup>

Á meðan hann sinnti málflutningi í Reykjavík hélt hann áfram að tala fyrir sjálfstæðisbaráttunni ásamt því að skrifa greinar í blöð og tímarit um skoðanir sínar á stjórnmalum, trú og bókmenntum. Mörgum yngri mönnum þótti Landvörn ekki vinna nægilega að beinum skilnaði við Dani strax og stofnaði Gísli árið 1910 Skilnaðarfélag ungra manna í Reykjavík.<sup>23</sup> Hann tók þátt í útgáfu blaðsins *Ingólfs* árin 1913-1915, ásamt ritstjóranum Benedikt Sveinssyni, og minntist hann þess í skrifum sínum seinna meir að fullur ágóði hafi orðið af blaðinu í málefnalegu tilliti en hreint fjártap í rekstri. Einnig sinnti hann nefndarstörfum, t.d. hjá Fiskfélagi Íslands sem kaus nefnd til þess að

---

<sup>18</sup> Oddur Jónsson, „Sjálfstæðir kjósendur“, *Frelsi* 28. júní 1952, bls. 2.

<sup>19</sup> Gísli Sveinsson, „Sjálfstæðismálið 1907“, bls. 81-95; Björn Þórðarson, *Alþingi og frelsisbaráttan*, bls. 159-160; GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>20</sup> GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 203, 712.

<sup>21</sup> *Alþingismannatal*, bls. 129; GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>22</sup> Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 8.

<sup>23</sup> JG. Gísli Sveinsson, endurminningar; Þ.F. „Heitt í kolunum - rætt við Sigurbjörn Þorkelsson“, *Vísir* 20. janúar 1979, bls. 12.

athuga landhelgisvarnir Íslands árið 1913. Nefndin vildi að Íslendingar tækju alfarið við strandgæslu landsins.<sup>24</sup>

Árið 1915 skrifaði hann bæklinginn *Skilnaðar-hugleiðingar. Nokkur rannsóknaratriði*. Bæklingurinn fjallaði um að tilgangur þjóðmálastarfsemi Íslendinga væri að losna úr sambandinu við Dani og gerast sjálfstæð þjóð. Þar fór Gísli ítarlega yfir hvað hann taldi þurfa til þess að Ísland losnaði úr ríkistengslum við Danmörku, m.a. kom hann inn á það að samþykki Danaveldis þyrfti ekki endilega til sambandsslita: „Að vér getum skilið við Dani að þeim viljugum, eða skilnaður kemst á að þeim nauðugum.“<sup>25</sup> Í bæklingnum fór Gísli yfir víðan völl, s.s. styrki frá Dönum til Íslendinga, utanríkismál, strandgæslu, hermál og hvaða áhrif það gæti haft á íslensku þjóðina að taka við öllum þeim málefnum sem Danir höfðu sinnt fyrir hönd landsmanna. Hann kom einnig inn á möguleg áhrif aðskilnaðarins á íslenskt viðskiptalíf, þ.á.m. íslensku bankanna, kaupmannastéttina, útflutning og breytt stjórnarfyrikomulag innanlands. Gísli hafði þá skoðun að í stað konungs ætti að koma íslenskur forseti, kosinn innanlands og fjallaði hann m.a. um kostnað og laun forseta.<sup>26</sup>

## **Þingferill og trúnaðarsstörf**

Gísli bauð sig fyrst fram til þings í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1911 en hlaut ekki kjör. Þá voru þeir tveir í kjöri, Gísli og Sigurður Eggerz, þáverandi sýslumaður í Skaftafellssýslu.<sup>27</sup> Þar næst bauð hann sig fram árið 1916 fyrir Sjálfstæðisflokkinn langsum og sigraði m.a. Lárus Helgason á Klaustri er einnig var í framboði fyrir sýsluna. Aðsókn í kosninguna var góð eða 75,7%.<sup>28</sup> Næst voru alþingiskosningar árið 1919 og var hann þá sjálfkjörinn þar sem enginn keppti við hann um þingsætið.<sup>29</sup>

Stuttu síðar þurfti Gísli að segja af sér þingmennsku vegna veikinda en hann glímdi við langvinna berkjubólgu, og komst þá Lárus loks inn á þing fyrir sýsluna.

---

<sup>24</sup> GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>25</sup> Gísli Sveinsson, *Skilnaðar-hugleiðingar*, bls. 6-7.

<sup>26</sup> Gísli Sveinsson, *Skilnaðar-hugleiðingar*, bls. 7-18, 28-37.

<sup>27</sup> Hagskýrslur Íslands I, 3. hefti, bls. 29.

<sup>28</sup> Hagskýrslur Íslands I, 14. hefti, bls. 9, 20, 52; „Enn um þingmenskuframboðin“, *Ísafold* 30. september 1916, bls. 1.

<sup>29</sup> Hagskýrslur Íslands I, 38. hefti, bls 42.

Lárus var formaður Kaupfélags Skaftfellinga og hafði haft áhuga á þingmennsku síðan árið 1908.<sup>30</sup>

Þegar Gísli veiktist árið 1921, tók hann hvíld frá störfum í eitt misseri og sigldi til útlanda sér til hressingar. Þegar hann kom heim úr siglingunni sagði hann af sér þingmennsku, í byrjun árs 1922, og ákvað að einbeita sér alfarið að öðrum embættisstörfum. Hann hafði „misst lystina“ til setu á Alþingi og neitaði um hríð að gefa kost á sér. Þrátt fyrir það hélt Gísli áfram að lifa og hrærast í stjórnámálum og aðstoðaði hann stjórnvöld við lagasmíð, t.d. samdi hann fyrir Jón Magnússon, forsætisráðherra, uppkast að strandlögum, sem síðar voru endurskoðuð og af því komu til lögin um skipströnd og vogrek árið 1926.<sup>31</sup>

Hann fór ekki í framboð aftur fyrr en í þingrofskosningunum 1931 fyrir Sjálfstæðisflokkinn en tapaði þá fyrir Lárusi. Það var mjótt á munum, Gísli fékk 377 atkvæði en Lárus 390.<sup>32</sup> Tveimur árum síðar vann hann Lárus og settist aftur á þing. Hann hélt velli í næstu kosningum og vann Lárus bæði árið 1934 og 1937 með yfirburðum.<sup>33</sup>

Fyrir fullveldið 1918 höfðu allar alþingiskosningar snúist að einhverju leyti um sjálfstæðismál Íslands. Örfáum árum síðar var það orðið gjörbreytt og landsmenn voru farnir að skipa sér í hugmyndafræðilegar fylkingar. Svo dæmi sé tekið þá náði deilan um samvinnustefnuna hámarki í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1922 og var Lárus frá Klaustri til að mynda svarinn samvinnumaður. Það var Gísli aftur á móti ekki og gagnrýndi hann það t.d. harðlega, þegar kaupfélagsmenn voru að leita eftir veðum hjá viðskiptamönnum sínum til þess að tryggja greiðslu verslunarskulda og fá menn til þess að skrifa upp á samvinnuábyrgðina árið 1924.<sup>34</sup>

Árið 1942 voru tvennar kosningar, í júlí og október, og var þátttaka í kosningunum hvergi meiri en í Vestur-Skaftafellssýslu, eða um 90,9% um vorið og 92,7% um haustið. Í báðum kosningunum tapaði Gísli fyrir séra Sveinbirni Högnasyni

---

<sup>30</sup> Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga* II, bls. 337-338; GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>31</sup> GS. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Bréf Gísla Sveinssonar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. nóvember 1925.

<sup>32</sup> Hagskýrslur Íslands I, 72. hefti, bls. 35; Þórarinn Helgason, *Lárus á Klaustri*, bls. 289-290.

<sup>33</sup> Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga* III, bls. 63-64; Hagskýrslur Íslands I, 84. hefti, bls. 34; Hagskýrslur Íslands I, 96. hefti, bls. 32; Þórarinn Helgason, *Lárus á Klaustri*, bls. 295-297.

<sup>34</sup> Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga* II, bls. 345, 352, 385-386; Þórarinn Helgason, *Lárus á Klaustri*, bls. 201-202.

en hlaut samt sem áður sæti á þingi sem landskjörinn uppbótarþingmaður. Sveinbjörn var formaður mjólkursölunefndar Reykjavíkursvæðisins á árunum 1934-1943 og hafði setið á þingi í sjö ár sem þingmaður Rangæinga þegar hann breytti til og fór í framboð fyrir Framsóknarflokkinn í Vestur-Skaftafellssýslu. Sveinbirni tókst að opna fyrir mjólkursölu frá Mýrdal til Mjólkurbús Flóamanna árið 1942 og má eflaust rekja sigur hans í kosningunum til þessa afreks, enda var mjólkursalan mjög pólitískt mál.<sup>35</sup> Gísli bauð sig fram í Alþingiskosningum í síðasta sinn árið 1946 og hlaut þá kjör með 425 atkvæðum en Hilmar Stefánsson bankastjóri kom næstur á eftir honum með 280 atkvæði, þá voru alls fjórir í framboði í kjördæminu.<sup>36</sup>

Gísli sat samtals á 27 þingum og var aldursforseti þingsins tvisvar, annars vegar árið 1940 og hins vegar 1946-1947, þar til hann sagði af sér þingmennsku. Hann var forseti sameinaðs Alþingis árin 1942 og 1943-1945 og 1. varaforseti þess 1942-1943.<sup>37</sup>

Á vegum Alþingis gegndi Gísli ýmsum trúnaðarstörfum, t.d. var hann árið 1916 skipaður í millipinganefnd um Flóaáveitu sem samdi fyrstu áveitulögin. Stóran hluta þingferilsins var hann formaður samgöngunefndar og einnig var hann formaður millipinganefndar í stjórnarskrármálinu rétt fyrir lýðveldisstofnun. Hann sat í Landsbankanefnd 1934-1945, og var árum saman formaður sparisjóðs Vestur-Skaftfellinga í Vík.<sup>38</sup> Árið 1935 var hann kosinn í stjórn markaðs- og verðjöfnunarsjóðs og 1937 í millipinganefnd bankamála þar sem hlutverk nefndarinnar var að endurskoða bankalöggjöf landsins.<sup>39</sup> Árið 1943 var hann kjörinn í millipinganefnd um póstmál og Alþingissögunefnd. Einnig var hann kosinn í dansk-íslensku sambandslaganefndina árið 1937 og sat þar allt til skilnaðar landanna. Gísli ferðaðist einnig utan landsteinanna sem

---

<sup>35</sup> Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga* III, bls. 106-109; Hagskýrslur Íslands I, 113. hefti, bls. 39, 48.

<sup>36</sup> Gísli Brynjólfsson, „Þingmenn Vestur-Skaftfellinga í 100 ár“, *Lesbók Morgunblaðsins* 27. mars 1982, bls. 14-15; Hagskýrslur Íslands I, 125. hefti, bls. 30.

<sup>37</sup> *Alþingismannatal*, bls. 129; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 2; „Gísli Sveinsson - þingsetutímabil og embætti“, <<http://www.althingi.is/alttext/cv/is/thingseta/?nfaerslunr=170>>, skoðað 7. maí 2017.

<sup>38</sup> *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 203; *GS*. Bréf frá Gísla Sveinssyni 22. maí 1942; Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 7.

<sup>39</sup> *Alþingismannatal*, bls. 129; *GS*. Bréf til alþingsmanna 27. apríl 1937; Bernharð Stefánsson, *Endurminningar* I, bls. 217.

fulltrúi Alþingis og sótti t.d. 500 ára afmæli Ríkisþings Svía í Stokkhólmi árið 1935 og þingmannafund í Osló árið 1939.<sup>40</sup>

Á Alþingi bar Gísli fram ýmsar tillögur og frumvörp. Hann bar meðal annars fram þingsályktunartillögu um athugun á fossaréttindum og var í framhaldinu sett á stofn milliþinganefnd í fossamálum 1917-1919. Með tillögunni vildi Gísli fá því framgengt að það færi fram úttekt á sölusamningum um vatnsréttindi sem nokkrir hreppar á Suðurlandi höfðu gert á árum áður. Honum fannst það vera eitt af skilyrðum fyrir sjálfstæði þjóðarinnar að varðveita auðlindir þess, þ.á.m. að fossar landsins væru ekki í eigu erlendra aðila.<sup>41</sup>

Árið 1938 flutti hann þingsályktunartillögu um að endurheimta íslensk skjöl og gripir úr söfnum í Danmörku. Meðflutningsmenn voru úr öllum flokkum og var málið samþykkt einróma í þinginu. Gísli fylgdi kröfunni eftir, í umboði ríkisstjórnarinnar, og flutti hana í sambandslaganefndinni, bæði heima fyrir og í Danmörku árið eftir. Skjölin og gripirnir fengust ekki afhent fyrir seinni heimsstyrjöld og var málinu ólokið þegar hann hætti þingmennsku.<sup>42</sup>

Gísli var þekktur fyrir að hafa haft góða þekkingu á lögum, sögu Alþingis og þingsköpum. Einnig töldu samtímamenn hans, hann hafa vera áhrifamikinn mælskumann, snjallan ræðumann og orðheppinn.<sup>43</sup> Í bók Þórarins Helgasonar um ævi Lárusar kemur eftirfarandi fram:

Þannig var það látið í veðri vaka, að Lárus væri of illa máli farinn til að sitja á alþingi. Auðvitað skorti hann mikið á við Gísla Sveinsson sýslumann um mælskuna, en sýslumaður átti fáa sína líka, og var langt seilzt að fara í þann mannjafnað.<sup>44</sup>

---

<sup>40</sup> „Gísli Sveinsson. Æviágrip“, <<http://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=170>>, skoðað 7. maí 2017; „Nefndarseta: Gísli Sveinsson“, <<http://www.althingi.is/alttext/cv/is/nefndasetar/?nfaerslunr=170>>, skoðað 7. maí 2017; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>41</sup> Sigurður Ragnarsson, „Innilokun eða opingátt“, bls. 5-9; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

<sup>42</sup> *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; „Störf sambandslaganefndar“, *Vísir* 12. júlí 1938, bls. 3.

<sup>43</sup> Sólveig Kristín Einarsdóttir, *Hugsjónaeldur*, bls. 109; Óskar Jónsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 5, 8; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 3.

<sup>44</sup> Þórarinn Helgason, *Lárus á Klaustri*, bls. 265.

## Gísli í starfi sínu sem sýslumaður

Árið 1918 var Gísli skipaður sýslumaður í Skaftafellssýslu með aðsetur í Vík í Mýrdal. Það ár var atburðarríkt, hófst með mikilli frosthörku og í október gaus Katla. Gísli ritaði ítarlega skýrslu varðandi gosið og afleiðingar þess. Skýrsluna sendi hann stjórnarráðinu, þar sem hann sóttist eftir umbótum og var hún gefin út árið 1919.<sup>45</sup>

Í sama mánuði og Katla gaus barst spænska veikin til landsins. Gísli hélt uppi sóttvörnum í Skaftafellssýslu og kom þar með í veg fyrir að veikin bærist þangað. Spænska veikin var mjög skæð influensa, sem engin lyf gátu læknað. Þegar farsóttin fjaraði út árið 1919 höfðu fleiri dáið úr henni en í fyrri heimsstyrjöldinni samanlagt. Á Íslandi létust hátt í fimm hundruð manns, aðallega í Reykjavík. Þegar pestin barst til landsins hafði Gísli samband við landlækni til þess að fá leyfi fyrir opinberri sóttvörslu við endimörk sýslunnar. Landlæknir tók til að byrja með treglega í það þar sem hann var ekki viss um að þessi veiki þyrfti á sóttkví að halda, en Gísli minnti hann á að Skaftafellingar mættu ekki við veikinni í héraðinu, enda enn að jafna sig eftir Kötlugos. Það hreif og landlæknir samþykkti.<sup>46</sup>

Gísli hafði fjölmargt á sinni könnu og gerðist til að mynda formaður byggingar læknisbústaðar með sjúkraskýli og kirkju í Vík og stóð fyrir fjáröflun til að þessar byggingar gætu litið dagsins ljós. Hann var einnig safnaðarfulltrúi Víkursóknar, formaður í stjórn Unglingaskóla Vestur-Skaftafellssýslu í tugi ára og formaður í fyrstu byggingarnefnd héraðsskólans á Skógum. Skaftafellssýsla var erfið yfirferðar áður fyrr, ásamt því að vera „lengsta“ sýsla landsins, og gat það tekið 5-6 daga að ferðast yfir hana. Gísli vann ötult að uppbyggingu menningar-, félags- og samgöngumála í kjördæminu.<sup>47</sup>

Hann beitti sér fyrir smíði brúa í sýslunni og þar í kring og sóttist m.a. eftir fjárstyrkjum frá Alþingi þess efnis. Markmiðið var að fólk og vörur gætu komist leiða sinnar á landi en ekki eingöngu sjó, eins og hafði tíðkast. Árið 1921 reis brú yfir Jökulsá

---

<sup>45</sup> Gísli Sveinsson, *Kötlugosið 1918 og afleiðingar þess*; Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands I*, bls. 481; *GS*. Bréf Jóns Magnússonar til Gísla Sveinssonar 15. júlí 1919.

<sup>46</sup> *GS*. Gísli Sveinsson, Hver ber ábyrgðina? Vík, nóvember 1918; Illugi Jökulsson o.fl., *Ísland í aldanna rás*, bls. 143, 148-149.

<sup>47</sup> Jón Þorsteinsson, „Kveðjuorð frá Skaftafellingum“, *Morgunblaðið* 8. desember 1959, bls. 13; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 204; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 2.

á Sólheimasandi og átti Gísli þátt í því að fá fjárveitingu til brúargerðarinnar frá Alþingi og koma því í kring á brúin yrði byggð. Jökulsá á Sólheimasandi var talin vera hættulegasta vatnsfallið í sýslunni m.a. vegna straumhörku, stórgrýti í botni og tíðra jökulhlaupa. Þó nokkrir höfðu drukknað í ánni og því þótti það mikið afrek að hafa brúað hana. Árið 1930 komu Gísli og Lárus því til leiðar á örfáum vikum að Hafursá yrði brúuð. Þetta var fyrsta brúin sem vegamálastjórn lét smíða í Mýrdal og var hún nýtt í nokkur ár þar til varanlegri mannvirki leystu hana af hólmi.<sup>48</sup>

Íbúar sýslunnar leituðu til hans með alls konar málefni og aðstoðaði hann oft við að leysa þau deilumál sem upp komu. Hann var varkár og fannst sumum hann jafnvel vera óþarflega íhaldssamur. Gísli fékk oft á tíðum bréf frá fólki í sýslunni það sem íbúarnir báðu hann um hjálp í hinum ýmsu málefnum. T.d. bað Guðjón Jónsson, verslunareigandi í Vík í Mýrdal, Gísla að hjálpa sér að fá vinnu sem bryti á skipi á vegum Eimskipafélagsins þar sem verslunin hafði verið með allra daufasta móti.<sup>49</sup> Óskar Jónsson, einn helsti forystumaður Framsóknarmanna í Vestur-Skaftafellssýslu<sup>50</sup> lýsti honum sem svo:

Það var öllum óhætt að leggja mál sín fyrir hann, greiddi hann hvers manns vanda eftir bestu vitund og gildi einu hver í hlut átti. Þótti fylgismönnum hans stundum ganga úr hófi fram hversu hann lét pólitíska andstæðinga njóta rétt dæmis og greiddi götu þeirra. Í daglegri umgengni var Gísli fáskiptinn um annarra hagi og það svo að mörgum fannst hann einangra sig um of. Kom þar til skaphöfn hans er var um margt sérstæð.<sup>51</sup>

Gísli lét mikið til sín taka í ýmis konar héraðsmálum og studdi hann t.d. málefni slysavarna, kom að stofnun slysavarnadeildarinnar Vonar í Vík, tók þátt í landsþingum slysavarnafélaganna og sat þar í forsæti á tímabili, ásamt því að vera kjörinn heiðursforseti árið 1956. Hann átti frumkvæði að stofnun skógræktarfélags Mýrdælinga

---

<sup>48</sup> GS. Nefndarálit frá samvinnunefnd samgöngumála 1939 – 1. mál; *Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar*, bls. 236; Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftafellinga II*, bls. 276, 279-280.

<sup>49</sup> GS. Bréf til Gísla Sveinssonar frá Guðjóni Jónssyni 2. ágúst 1919; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 2.

<sup>50</sup> Elías Snæland Jónsson, *Möðruvallahreyfingin*, bls. 71.

<sup>51</sup> Óskar Jónsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 8.



og var félagi þess ævilangt. Einnig sat hann í stjórn Talsímafélags Mýrdælinga og árið 1947 tók hann að sér að vera forseti Stúdentasambands Íslands. Skaftfellingafélagið í Reykjavík gerði hann að heiðursfélaga árið 1941 og mætti hann iðulega á Skaftfellingamótin ef hann var staddur í bænum þar sem hann flutti stundum erindi.<sup>52</sup>

Hann var alla tíð afkastamikill rithöfundur og skrifaði bæði í bækur og blöð. Árið 1930 kom út bók um Vestur-Skaftafellssýslu og íbúa hennar. Fyrstu grein bókarinnar skrifaði Gísli og lýsti þar Skaftafellssýslu og Skaftfellingum í stuttu máli.<sup>53</sup>

Þegar Gísli tók við sýslumannsembættinu hafði hann einsett sér að koma mörgu í framkvæmd og vinna að uppgangsmálum héraðsins í samvinnu við íbúa þess, sama hvaða landsmálaskoðanir þeir aðhylltust. Þá voru framfarir af skornum skammti í sýslunni og samgöngumálin í ólagi. Sárafáar ár og vötn voru brúuð og ferðalög lengst af erfið. Við lok starfstíma hans þar hafði hann, með samvinnu samsýslunga sinna, komið heilmiklu í verk. Þá voru m.a. flest vötn brúuð, sími og rafmagn komið á mörg heimili og vegir orðnir akfærir um hreppa.<sup>54</sup> Gengi hans í alþingiskosningum í gegnum tíðina má, réttilega, að einhverju leyti rekja til frammistöðu hans í málefnum tengdum sýslunni. Þeir sem muna eftir honum enn þann dag í dag sjá hann fyrir sér í embættismannabúningi sem hann gekk ávallt í, sveiflandi stafnum sínum um göturnar í Vík.<sup>55</sup>

## Talsmaður kirkjunnar

Kirkjunnar mál voru Gísla alla tíð hugleikin og á sínum yngri árum varð hann fyrir áhrifum af Brandesarstefnu þeirra tíma. Hann gerðist málsvari aðskilnaðar ríkis og kirkju og í mars 1914 flutti Gísli erindi á Trúmalavíku stúdentafélagsins í Reykjavík sem bar heitið „Trúmal og kenningarfrelsi“. Þar sagði hann m.a.:

---

<sup>52</sup> Fundargerðir Skaftfellingafélagsins í Reykjavík frá 21. marz 1940 - til og með 15. maí 1975, bls. 18-20, 37, 78; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; Óskar Jónsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 8; Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal*, bls. 204.

<sup>53</sup> Gísli Sveinsson, „Skaftafellssýsla og Skaftfellingar“, bls. 5-7.

<sup>54</sup> *GS*. Frá þingmálafundum í Vestur-Skaftafellssýslu 1919; *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; J.K. „Samkvæmt pöntun - eða fyrirskipun“, *Morgunblaðið* 8. desember 1929, bls. 9-10.

<sup>55</sup> Viðtal höfundar við Þórð Tómasson 4. apríl 2017.

Ætli menn hér, jafnvel fremur en annarstaðar að hafa glögga sjón á því, að frjálsbornir menn í frjálsu landi geta ekki til lengdar unað öðru en að óskorað frelsi komist á og ríki í þessum málum, fullt trúfrelsi og kenningarfrelsi. Þegar kirkjan er laus úr viðjum ríkisins verður óskert kenningarfrelsi, fyrr ekki. Sú er leiðin.<sup>56</sup>

Á Alþingi árið 1919 var Gísli í forsvari 11 þingmanna sem lögðu fram þingsályktunartillögu þess efnis að ríkið myndi hvorki styðja né kosta trúfélög og að trúarbragðakennsla í opinberum skólum yrði ekki lengur skyldunámsgrein.<sup>57</sup> Tillagan náði ekki fram að ganga og sannfærðist hann seinna meir um það að sú stefna hentaði ekki Íslendingum þar sem aðstæður hér á landi væru ólíkar aðstæðum annarra landa og þjóðkirkjuskipulagið hefði verið við lýði um aldir.<sup>58</sup>

Gísli varð einnig síðar á þeirri skoðun að ríkið ætti að leggja mun meira fé til byggingar kirkna og beitti hann sér fyrir því málefni í áratugi, bæði á Alþingi og fundum tengdum kirkjunni.<sup>59</sup> Á Alþingi var að mörgu leyti horft á Gísli sem talsmann kirkjunnar og sinnti hann mörgum störfum í hennar þágu. Hann sat til að mynda í Kirkjuráði íslensku þjóðkirkjunnar 1942-1947 og aftur frá 1954 þar til hann andaðist. Einnig var hann forgöngumaður um stofnun hinna almenna kirkjufunda og forseti þeirra frá upphafi 1934-1947 og aftur frá 1953.<sup>60</sup>

Gísli sat í stjórn Kirkjubyggingarsjóðs Reykjavíkur og var kosinn safnaðarfulltrúi Dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík árið 1953. Einnig sat hann á héraðsfundum prófastsdæmisins og í safnaðarráði Reykjavíkur. Árið 1958 fór í fyrsta skipti fram kosning um kirkjubingsmenn og var Gísli kjörinn fyrir

---

<sup>56</sup> Gísli Sveinsson, „Trúfrelsi og kenningarfrelsi“, bls. 209-210; Magnús Guðjónsson, *Saga kirkjuráðs og kirkjubings*, bls. 48-49.

<sup>57</sup> „Skilnaður ríkis og kirkju“, *Ísafold* 1. september 1919, bls. 3; „Gísli Sveinsson: þingsályktunartillögur. 1. flutningsmaður“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/tillogur/?nfaerslun=170>>, skoðað 9. maí 2017.

<sup>58</sup> Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 3.

<sup>59</sup> „Ályktanir og afgreidd mál fyrsta kirkjubings þjóðkirkju Íslands“, bls. 12-14; „Nd. 88. Frumvarp til laga um kirkjubyggingar og þáttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa“, <<http://www.althingi.is/altext/66/s/pdf/0088.pdf>>, skoðað 9. maí 2017; „Nd. 567. Frumvarp til laga um kirkjubyggingar og þáttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa“, <<http://www.althingi.is/altext/63/s/pdf/0567.pdf>>, skoðað 9. maí 2017.

<sup>60</sup> Magnús Guðjónsson, *Saga kirkjuráðs og kirkjubings*, bls. 220-221, 223; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 3, 16.

Reykjavíkurráðgjafsdæmi, en hann sat þar stutt því hann lést þann 30. nóvember 1959.<sup>61</sup> Að hans mati voru trúmál þýðingarmestu mál hvers einstaklings og ættu þar með að vera höfuðmál hvers þjóðfélags.<sup>62</sup>

## Sendiherra í Osló

Í byrjun september 1946 sendi Gísli bréf til Ólafs Thors, þáverandi forsætis- og utanríkisráðherra, þar sem hann sagðist gefa kost á sér til þess að verða sendiherra í einhverju af Norðurlöndunum.<sup>63</sup> Í seinni heimsstyrjöldinni voru konungur og ríkisstjórn Noregs búsett í London og því var íslenski sendiherrann í London sendiherra fyrir bæði löndin. Eftir að stríðinu lauk árið 1945 flutti norska stjórnin heim en sendiherrann var enn búsettur í London. Það var ekki fyrr en um mitt ár 1947 sem íslenskur sendiherra með búsetu í Noregi var skipaður. Í *Morgunblaðinu*, þann 10. júní, var tilkynnt um skipun Gísla og stuttu seinna sigldi hann út.<sup>64</sup>

Til að byrja með var sendiráðið staðsett á Grand Hotel í Osló, besta gistihúsi borgarinnar, ásamt sendiráðum frá fleiri löndum. Ástæðan var húsnæðisleysi en mikið hafði verið eyðilagt á stríðsárunum og nánast engin uppbygging enn átt sér stað. Sendiráðið fékk síðan húsnæði miðsvæðis í Osló á Stortingsgaten 30 og Gísli ráðherrabústað úti í Bygdöy, skammt frá byggðarsafninu. Sendiherrann var fulltrúi Íslendinga og fyrirgreiðandi þeirra sem dvöldu eða heimsóttu Noreg, sér í lagi ef hið opinbera var viðloðandi á einhvern hátt. Áður fyrr voru það aðallega ræðismenn sem komu að viðskiptamálum og voru sérstakir ræðismenn oft með skrifstofur á sama stað og sendiherrann. Sendiráðin höfðu m.a. það hlutverk að aðstoða við verslunarsamninga og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.<sup>65</sup>

Guðmundur Einarsson frá Miðdal heimsótti Osló í byrjun árs 1951 og skrifaði grein í *Vísu* um ferðina þar sem stóð m.a.: „Gísli Sveinsson sendiherra er manna

---

<sup>61</sup> *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi; „Kirkjulegt starf Gísla Sveinssonar“, bls. 11-12; Magnús Guðjónsson, *Saga kirkjuráðs og kirkjubings*, bls. 91-95, 220-221, 223; Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 7; „Gísli Sveinsson. Æviágrip“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslun=170>>, skoðað 7. maí 2017.

<sup>62</sup> „Skipun prestakalla“, bls. 268.

<sup>63</sup> *BB*. Bréf Gísla Sveinssonar til Ólafs Thors 1. september 1946 (afrit til Bjarna Benediktssonar).

<sup>64</sup> Skúli Skúlason, „Sendiráð Íslands í Osló“, bls. 10-11; „Íslendingar meta vináttu Norðmanna“, *Morgunblaðið* 11. júní 1947, bls. 2.

<sup>65</sup> Skúli Skúlason, „Sendiráð Íslands í Osló“, bls. 10-11.

vinsælastur og þykir svipa mjög til fornsagnahöfðingja vorra enda hefir hann einvalaliði á að skipa.“<sup>66</sup>

Sendiherrastöðunni gegndi hann í fjögur ár en þá hafði hann náð aldurshámarki opinberra starfsmanna samkvæmt lögum og sigldi því heim til Íslands og þau Guðrún settust að í Reykjavík.<sup>67</sup> Eftir heimkomuna hafði Gísli það allra síst í huga að setjast í helgan stein og minnst hann þess í endurminningum sínum:

Fann ég heldur ekki neinn bilbug á mér vegna aldurs. Komu þá og margir og vildu ræða við mig um gömul efni og ný, þar á meðal að bjóða mér aðstoð og ýmis fríðindi, ef ég vildi koma aftur - eins og það var orðað - „inn í pólitíkina“, en því tók ég fjarri og hefi haldið mér við það. Hafði ég áður losað mig við að þjóna því skurðgoði, nema þá að stunda þess háttar sem „frjálsíþrótt“, án alls flokksgreinarálits, og hefi síðan neitað blákalt að t.d. að gefa kost á mér til þingsetu. En eins og menn víst rekur minni til varð ég árið 1952 við áskorun fjölmargra um að gefa kost á mér við kjör forseta Íslands, er þá fór fram, enda átti það að lögum að vera utan við alla flokkapólitík. Var og vitað fyrirfram og augljóst eftir á, að það framboð hefði borið jákvæðan árangur, ef kosningin hefði farið fram í fullu frelsi, sem ekki varð. En það er önnur saga, er bíður síns tíma til frásagnar.<sup>68</sup>

---

<sup>66</sup> Guðmundur Einarsson, „Listaverk 3ja íslenzkra málara sýnd í Stokkhólmi 1952“, *Vísir* 13. febrúar 1951, bls. 5.

<sup>67</sup> „Gísli Sveinsson fv. sendiherra alkominn heim“, *Vísir* 2. ágúst 1951, bls. 8.

<sup>68</sup> *GS*. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi.

## 2. kafli

### Hvers vegna forsetaframboð?

#### Staða Gísla innan Sjálfstæðisflokksins

Gísli þróaði með sér sterkar skoðanir á þjóðmálum almennt og lá ekki á þeim er varðaði stjórnarhætti á Íslandi. Árið 1938 slitnaði upp úr ríkisstjórnarsamstarfi Framsóknarflokks og Alþýðuflokks og fór Framsóknarflokkurinn með stjórnina fram á næsta ár. Það ár hófust umræður um nýja ríkisstjórn sem skyldi samanstanda af Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Formaður Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Thors, ásamt fleiri forystumönnum flokksins var á þeirri skoðun að bjarga yrði fyrirtækjum í sjávarútvegi með því að fella gengi krónunnar. Einnig töldu þeir mikilvægt að standa að viðtæku samstarfi flokkanna vegna þess óróleika sem ríkti á alþjóðavettvangi. Það lá við að Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði og innan hans mynduðust tvær fylkingar varðandi stjórnarmyndunina. Meðal þeirra sem voru á móti samstarfinu bar einna helst á Gísla Sveinssyni og Jakobi Möller.<sup>69</sup>

Samkvæmt Bjarna Benediktssyni voru helstu rök flokksmanna sem voru gegn ríkisstjórnarsamstarfinu þau að meirihluti kjósenda vildi ekki heyra minnst á samstarf við Framsóknarflokkinn þar sem sá flokkur væri að þrotum kominn og þar af leiðandi ætti ekki að aðstoða þá við stjórn landsins fyrr en eftir næstu kosningar. Fulltrúar verslunarstéttarinnar máttu heldur ekki hugsa til gengisfellingar krónunnar og fannst að þeim vegið. Eftir langan fundardag í mars 1939 þegar flokkurinn hafði enn ekki komist að samkomulagi lét Gísli eftirfarandi orð falla: „Þreyttir menn, þreyttir á að vera í opposition“.<sup>70</sup> Flokkurinn skiptist þannig að átta þingmenn voru á móti og níu með. Um tíma hélt hvor hluti flokksins fundi út af fyrir sig vegna þessa ósamkomulags.<sup>71</sup> Eftir nokkurt þref náðist sátt innan flokksins um að gengi krónunnar yrði fellt, verslunarhöft rýmkuð og settist Jakob Möller í ríkisstjórn fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, ásamt Ólafi

<sup>69</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 231; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 21-25; Matthías Johannessen, *Ólafur Thors I*, bls. 306; Árni Jónsson, *Þjóðstjórnarannáll*, bls. 8-9.

<sup>70</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 146.

<sup>71</sup> Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls. 51; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 21-24.

Thors. „Þjóðstjórnin“, svonefnda, var loks mynduð í apríl undir forsæti Hermanns Jónassonar, formanns Framsóknarflokksins.<sup>72</sup>

Matthías Jóhannesson segir um Gísla að hann hafi verið „vel séður, en pólitísk nauðsyn hafi ráðið vali Jakobs [sem ráðherra í stjórninni].“<sup>73</sup> Jakob var vinsælli meðal íbúa Reykjavíkur og var ráðherraskipun hans leið til þess að koma til móts við kjósendur þar. Við myndun Þjóðstjórnarinnar las Gísli upp yfirlýsingu þar sem fram kom að þeir Sjálfstæðismenn sem höfðu verið mótfallnir samstarfi flokkanna myndu vonir við að með Jakob sem ráðherra væri hægt að laga það sem hafði verið ábótavant í stjórnarfari landsins síðastliðin ár. Jakob og Ólafur störfuðu vel saman og ágreiningurinn í flokknum fór dvinandi. Aftur á móti voru samskipti Gísla Sveinssonar og Ólafs Thors stíð eftir þetta.<sup>74</sup>

Árið 1942 er talið vera tímamótaár í sögu Sjálfstæðisflokksins en þá náðu Alþýðuflokkurinn, Sósíalístaflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn samstöðu um breytta kjördæmaskipan og í samræmi við það fóru fram tvennar alþingiskosningar það árið.<sup>75</sup> Eins og áður hefur komið fram tókst Gísla ekki að halda þingsæti í sínu kjördæmi en komst samt sem áður inn á þing sem uppbótarþingmaður.<sup>76</sup> Framsóknarmenn voru ekki hlynntir þessum breytingum, enda fengu þeir færri þingmenn en áður eftir að kjördæmaskipanin breyttist, og því leið tímabil Þjóðstjórnarinnar undir lok. Minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins tók við, undir forsæti Ólafs Thors, og sat hún frá maí til nóvember, er hún baðst lausnar.<sup>77</sup>

Sveinn Björnsson ríkisstjóri tilkynnti Alþingi að hann ætlaði að reyna aðrar leiðir ef þingmönnum tækist ekki að mynda ríkisstjórn. Það tóku leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, m.a. Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors, ekki vel í og vildu þeir að stjórn Ólafs Thors sæti þar til meirihlutastjórn yrði mynduð. Þessu var Sveinn ekki sammála eftir að hafa kannað málið hjá hinum flokkunum, sem höfðu samtals meirihluta á þingi. Hlutverki minnihlutastjórnar Ólafs var lokið eftir

<sup>72</sup> *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, bls. 30.

<sup>73</sup> Matthías Jóhannessen, *Ólafur Thors I*, bls. 309; Árni Jónsson, *Þjóðstjórnarannáll*, bls. 10-11.

<sup>74</sup> Matthías Jóhannessen, *Ólafur Thors I*, bls. 311; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 25; Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls 51.

<sup>75</sup> Guðni Th. Jóhannesson, „Tjaldað til einnar nætur“, bls. 64; Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls 51.

<sup>76</sup> Gísli Brynjólfsson, „Þingmenn Vestur-Skaftfellinga í 100 ár“, bls. 14-15;

*Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, bls. 36-37.

<sup>77</sup> Guðni Th. Jóhannesson, „Tjaldað til einnar nætur“, bls. 64; Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 39.

kjördæmabreytinguna og tvennar kosningar. Hinir flokkarnir sættu sig ekki við að sú stjórn sæti lengur og komu sér ekki saman um myndun stjórnar í hennar stað og því tók Sveinn málin í sínar hendur og skipaði utanþingsstjórn undir forsæti Björns Þórðarsonar í desember 1942. Sú stjórn sat allt til ársins 1944 og var því við völd þegar Ísland öðlaðist sjálfstæði.<sup>78</sup>

Fyrsta þingræðisstjórn lýðveldisins, „Nýsköpunarstjórnin“, var mynduð þann 21. október 1944 og samanstóð af Alþýðuflokknum, Sjálfstæðisflokknum og Sósíalistaflokknum. Þar sátu tveir ráðherrar frá öllum aðildarflokkum undir forsæti Ólafs Thors. Einhverjir sjálfstæðis- og alþýðuflokksmenn höfðu efasemdir um að fara í stjórnarsamstarf við sósíalista og neituðu fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins að styðja ríkisstjórnina. Gísli Sveinsson var þeirra á meðal en auk hans lýstu þeir Ingólfur Jónsson, Pétur Ottesen, Þorsteinn Þorsteinsson, og Jón Sigurðsson á Reynisstað að þeir teldu sig óbundna af samningnum um stjórnarsamstarfið.<sup>79</sup> Meðal þeirra sem studdu stjórnina var Jón Pálmason á Akri og árið 1945 var hann kosinn forseti sameinaðs Alþingis í stað Gísla. Jón var vel liðinn af Einari Olgeirssyni og Ólafi Thors og hlaut embættið fyrir stuðninginn við Nýsköpunarstjórnina.<sup>80</sup> Ólafur var ekki sáttur við þennan ágreining flokksmanna en fljótlega sættist hann við Þorstein og Ingólf. Þetta ýtti enn frekar undir þann stirðleika sem var á milli Ólafs og Gísla.<sup>81</sup>

## Stjórnarskrármálið

Árið 1942 var sett á stofn millipinganevnd sem hafði það verkefni að koma með tillögur að stjórnarskrábreytingum sem tækju gildi þegar Ísland yrði lýðveldi. Samtals sátu átta menn í nefndinni, tveir úr hverjum flokki og eins og áður hefur komið fram var Gísli kjörinn formaður nefndarinnar.<sup>82</sup>

Sveinn Björnsson, ríkisstjóri, sendi Gísla bréf þann 21. janúar 1944 og var viðfangsefnið þjóðfundur þar sem stjórnarskrá lýðveldisins yrði staðfest af fulltrúum

---

<sup>78</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 39-40.

<sup>79</sup> Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls. 52; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 33-34, 38; Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands I*, bls. 259; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 197-198.

<sup>80</sup> Gylfi Gröndal, *Ég hef lifað mér til gamans*, bls. 132; Bernharð Stefánsson, *Endurminningar II*, bls. 29.

<sup>81</sup> *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, bls. 40-41.

<sup>82</sup> Matthías Jóhannessen, *Ólafur Thors I*, bls. 381; Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls. 50-51; *GS*. Bréf frá Gísla Sveinssyni 22. maí 1942.

fólksins. Innihald bréfsins olli miklu uppnámi hjá ríkisstjórninni og tjáði stjórnarskrárnefnd Sveini að þjóðfundur kæmi ekki til greina þar sem Alþingi hefði áður ákveðið hvaða leið yrði farin, með samþykki ríkisstjóra.<sup>83</sup>

Um þetta leyti voru hafnar umræður um stöðu þjóðhöfðingja Íslendinga í nýju stjórnarskránni. Í drögum að stjórnarskrá var forsetinn þingkjörinn og þingið hafði vald til þess að leysa hann frá embætti. Hann gæti að vísu lagt lög Alþingis undir þjóðaratkvæðagreiðslu, skv. 26. grein stjórnarskrárfrumvarpsins, en hann bar enga ábyrgð á stjórnarathöfnum. Þjóðhöfðinginn átti fyrst og fremst að vera sameiningartákn þjóðarinnar. Að lokum var ákveðið að þingið skyldi velja forseta sem sæti í eitt ár en eftir það yrði hann þjóðkjörinn til fjögurra ára.<sup>84</sup>

Lýðveldisstjórnarskráin varð mjög keimlík stjórnarskrá konungsríkisins Íslands sem Kristján níundi afhenti Íslendingum árið 1874 hvað varðaði þjóðhöfðingjann, fyrir utan það að nú var kveðið á um forseta þar sem áður höfðu verið ákvæði um konung. Stjórnarskrárnefndin lagði fram frumvarp að nýrri stjórnarskrá árið 1943 og voru allir nefndarmenn, þar á meðal Gísli, sammála um að lýðveldi skyldi stofnað í síðasta lagi þann 17. júní 1944. Í byrjun mars 1944 samþykkti Alþingi nýju stjórnarskrána. Allir aðilar stjórnarskrárnefndarinnar voru samt á þeirri skoðun, ásamt fleirum, að það yrði að endurskoða hana sem fyrst. Mikilvægast var þó að stofna lýðveldi með íslenskri stjórnarskrá, síðar mætti laga það sem betur mætti fara.<sup>85</sup>

## Fyrsti forseti hins íslenska lýðveldis

Nafn Gísla var eitt af þeim sem nefnt var þegar rætt var um hver skyldi verða fyrsti forseti lýðveldisins. Fleiri menn voru nefndir, s.s. Ásgeir Ásgeirsson, Björn Þórðarson, Einar Arnórsson og Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, skrifstofustjóri Alþingis. Þegar líða tók á árið leit út fyrir að einungis Sveinn Björnsson hefði nægjanlegt fylgi til þess að sigra fyrsta forsetakjörið en þó var fráleitt að það næðist samhugur um stuðning við hann. Ólafur Thors var meðal þeirra sem var mótfallinn því að Sveinn yrði forseti,

<sup>83</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls. 51-53; *BP*. Dagbók 1943 II og 1944 I. 21.-23. janúar 1944.

<sup>84</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls 54-57; Guðni Th. Jóhannesson, „Tjaldað til einnar nætur“, bls. 65-66.

<sup>85</sup> Matthías Jóhannessen, *Ólafur Thors* I, bls 372; Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls 58-59; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls 185, 198-199; „Hverjar eru sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar?“, bls. 24, 26, 29-30, 34.



ásamt fleiri sjálfstæðismönnum og hvatti hann Sigurð Eggerz til að bjóða sig fram. Sósíalistar, sem áttu 10 þingmenn, lýstu því yfir að þeir myndu líklegast skila auðu, þeir ætluðu ekki að kjósa Svein. Allir 7 þingmenn Alþýðuflokksins voru aftur á móti sammála um að styðja Svein. Þingmenn Framsóknarflokksins, 15 talsins, vildu flestir kjósa Svein en þó náðist ekki einhugur um málið. Gunnar Thoroddsen og fleiri sjálfstæðismenn studdu Svein og vildu að það næðist samkomulag um hann. Þeim þótti mikilvægt að Íslendingar sýndu samstöðu í þessu málefni. Á fundum Sjálfstæðisflokksins var kjörið rætt og fóru fram nokkrar atkvæðagreiðslur um málið. Ólafur Thors tók það þó skýrt fram að atkvæðin á þessum fundum væru ekki skuldbindandi. Gísli Sveinsson fékk nokkur atkvæði á þessum fundum, ásamt Sigurði Eggerz, Jóni Ásbjörnssyni hæstaréttarlögmanni og Jóni Sigurðssyni, skrifstofustjóra Alþingis. Sveinn Björnsson fékk einnig atkvæði einhverra sjálfstæðismanna en aldrei náði hann meirihluta á þessum fundum. Það sem forystumenn Sjálfstæðisflokksins höfðu einna helst út á að setja hjá Sveini var utanþingsstjórnin sem hann skipaði í desember 1942 og hið svokallaða „Ríkisstjórabréf“ sem hann sendi Gísla í janúar 1944, varðandi þjóðfund.<sup>86</sup>

Þann 17. júní 1944 var u.þ.b. fjórðungur Íslendinga samankominn á Þingvöllum þar sem lýðveldi var stofnað, fyrsti forsetinn kjörinn og ný stjórnarskrá lögtekin. Rétt fyrir klukkan tvö eftir hádegi setti Gísli Sveinsson fund sameinaðs Alþingis, hringdi bjöllu og þingmenn stóðu upp úr sætum sínum. Þar næst lýsti Gísli yfir sjálfstæði Íslands og gildistöku nýju lýðveldisstjórnarskrárinnar, íslenski fáninn var dreginn að húni og kirkjuklukkur ómuðu. Síðan tók við einnar mínútu þögn og íslenski þjóðsöngurinn heyrðist sunginn af hátt í 30.000 manns. Svo hófst kosning til forseta. Þegar alþingismenn höfðu lokið við að skrifa atkvæði sín voru þau afhent Gísla sem las upp úrslitin: Sveinn Björnsson þrjátíu atkvæði og Jón Sigurðsson skrifstofustjóri fimm. Þar með var Sveinn Björnsson orðinn fyrsti forseti lýðveldisins.<sup>87</sup>

Sagt er að fyrstu forsetakosningarnar hafi vakið furðu landsmanna þar sem Alþingi hafði hvatt þjóðina til þess að sýna samstöðu við stofnun lýðveldis og var þjóðin á sama máli. 98,4% þjóðarinnar kaus og yfirgnæfandi meirihluti vildi stofna

<sup>86</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls 25, 68-69; Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 38-40; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 187-189.

<sup>87</sup> Alexander Jóhannesson, „Lýðveldishátíðin. 17. júní“, bls. 168; Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls. 65, 69-70; RÚV. DB-400-1, Athöfn á Þingvöllum, Lögbergi 17. júní 1944.

lýðveldi. Í samtali Ólafs Ragnarssonar við Gunnar Thoroddsen sem kom út á prenti árið 1981 er fullyrt að margir Íslendingar hafi verið ósáttir við þingmenn fyrir að geta ekki sjálfir sýnt samstöðu við kosningu forseta.<sup>88</sup>

## Aðragandi forsetakosninganna árið 1952

Sveinn forseti var sjálfkjörinn árin 1945 og 1949. Fyrsta þjóðkjör til forseta átti að fara fram árið 1945 en það virðist sem engum hafi þótt viðeigandi að bjóða sig fram gegn sitjandi forseta og var Sveinn þar af leiðandi einn í framboði. Það sama átti við árið 1949 þegar næsta kosning hefði átt að fara fram og því sat Sveinn á forsetastóli allt þar til hann lést, þann 25. janúar árið 1952.<sup>89</sup>

Eftir að Sveinn Björnsson féll frá hófust fljótlega umræður um hver ætti að taka við forsetaembættinu. Sú hugmynd kom fram að hagkvæmast væri að Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, kæmu sér saman um einn frambjóðenda. Flokkarnir ræddu málið og voru í upphafi bjartsýnir um framvindu mála. Ásgeir Ásgeirsson þingmaður Alþýðuflokksins, fyrrum forseti alþingis og forsætisráðherra, var fljótlega nefndur á nafn en allir þingmenn Framsóknarflokksins, fyrir utan Bernharð Stefánsson sem var vinur Ásgeirs, lýstu því yfir að þeir myndu ekki styðja framboð hans. Ásgeir hafði eindregið stutt breytta kjördæmaskipan árin 1934 og 1942 ásamt því að hafa gengið úr Framsóknarflokknum á árum áður. Þessu höfðu Hermann og fleiri flokksmenn ekki gleymt og fannst þeim hann alls ekki koma til greina sem forsetaefni.<sup>90</sup> Þar með ákváðu Sjálfstæðismenn að veita honum ekki stuðning vegna þess að þeim fannst mikilvægt að eining ríkti um frambjóðanda. Líklegt er að Ásgeir hafi snemma árs árið 1952 sóst eftir stuðningi Sjálfstæðismanna og eiga þeir að hafa tekið því vel. Ef Framsóknarmenn hefðu ekki lagst svo glatt gegn Ásgeiri er mögulegt að Sjálfstæðismenn hefðu samþykkt framboð hans, t.d. er sagt að Bjarni Benediktsson hafi

---

<sup>88</sup> Guðni Th. Jóhannesson, „Tjaldað til einnar nætur“, bls. 67; „Alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur 1874-2016“, <[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_kosningar\\_yfirlit/KOS01900.px/table/tableViewLayout1/?rxid=572cc5b2-52e1-4bf8-af65-7df6d7e5a5c3](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_kosningar_yfirlit/KOS01900.px/table/tableViewLayout1/?rxid=572cc5b2-52e1-4bf8-af65-7df6d7e5a5c3)>, skoðað 21. mars 2017; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 190; Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 41-42.

<sup>89</sup> Bjarni Guðmarsson, „Hvað þarf til að sigra?“, bls. 34-36.

<sup>90</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 83-85; Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 253-256; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 223-224; Bernharð Stefánsson, „Forsetakjör, kjördæmamál og árásir á K.E.A.“, 19. júní 1952, bls. 5; Bernharð Stefánsson, „Forsetakjör og kjördæmamál“, *Forsetakjör* 24. júní 1952, bls. 2.

verið hlyntur framboði hans fyrst um sinn en hann ákvað síðar að fylgja ákvörðun Ólafs. Alþýðuflokksmenn fylktu sér fljótlega um Ásgeir og því varð ljóst að flokkarnir þrír næðu ekki saman. Þó nokkrir Sjálfstæðismenn hvöttu formanninn, Ólaf Thors, til þess að bjóða sig fram en hann tók því fálega og tók snemma fyrir það.<sup>91</sup> Ólafur sagði í bréfi snemma árs 1952 til Thors, bróður síns, þegar hann var orðaður við embættið: „Ég læt ekki flytja mig úr einni valdamestu stöðunni í þjóðfélaginu inn í valdalitla stöðu - ekki frá lífinu í lognið.“<sup>92</sup>

Aðeins tveimur dögum eftir lát Sveins skrifaði Kristján Albertsson, náfrændi Thors bræðra, bréf til Ólafs Thors þar sem hann ræðir áhuga Thors Thors, bróður Ólafs, á að verða forseti. Thor hafði áður sagt að hann gæti hugsað sér að verða forseti í eitt eða tvö kjörtímabil og skrifa jafnvel endurminningar sínar á meðan, áður en hann færi aftur í erilsama stöðu sendiherra. Thor vildi þó ekki bjóða sig fram án þess að hafa góðan stuðning á bakvið sig. Kristjáni þótti ljóst á þessum tíma að Sjálfstæðisflokkurinn hlyti að bjóða fram annan hvorn Thors bræðrana til forseta. Hann minnst einnig á að það kæmi ekki til greina að styðja þingmann stjórnarandstöðunnar og átti hann þá líklegast við Ásgeir.<sup>93</sup>

Strax í febrúar var forsetakjörið orðið að aðalumræðuefni landsmanna og velti þjóðin því fyrir sér hvern hún ætti að kjósa. Í Reykjavík minntist rakarinn Sigurður Ólafsson t.a.m. á að fátt annað en forsetakjörið væri rætt á rakarastofunni og að sjálfstæðismönnum hafi verið tíðrætt um Ásgeir.<sup>94</sup> Þingflokkur sjálfstæðismanna fundaði um svipað leyti og snérist umræðurnar um það hvort flokkurinn ætti að leggja megináherslu á að fá sinn mann kosinn eða að fá mann sem flokkurinn treysti til þess að vinna starfið af góðum hug, í garð sjálfstæðismanna. Margir flokksmenn voru harðir á því að halda sig eingöngu við sjálfstæðismenn. Jón á Reynisstað komst ekki á fundinn en hafði samband við Ólaf daginn eftir og sagði hann Skagfirðinga vera á móti framboði Ólafs sjálfs og annarra forystumanna stjórn mála flokkanna. Gísli kom ekki til greina að mati flestra þingmannanna þar, þótt hann væri í Sjálfstæðisflokknum, og sagði Ólafur

---

<sup>91</sup> Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls. 81-82; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 46; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 224-225, 231.

<sup>92</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 19. febrúar 1952.

<sup>93</sup> *ÓT*. Bréf Kristjáns Albertssonar til Ólafs Thors 27. janúar 1952; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 11.

<sup>94</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 20. febrúar 1952.

að á „Gísla Sveinsson minnst enginn á nema hann sjálfur.“<sup>95</sup> Samkvæmt Ólafi hafði Gísli alltaf sagt að hann byði sig ekki fram ef Ólafur Thors yrði í kjöri en annars myndi hann gera það. Ólafur efaðist þó um að Gísli færi í framboð ef Sjálfstæðisflokkurinn næði samkomulagi um einhvern annan enda þóttist hann viss um að fylgi Gísla yrði þá lítið, jafnvel hverfandi.<sup>96</sup>

Í byrjun apríl kusu sjálfstæðismenn um það hvort þeir vildu gera það að skilyrði varðandi samkomulag um forsetaefni að frambjóðandinn væri ekki flokksbundinn í andstöðu við Sjálfstæðisflokkinn. Meirihluti fundargesta vildi ekki gera það að skilyrði en eins og einn skrifaði á atkvæðið sitt: „Nei, þó þannig, að vegna vaxandi óánægju með samstarfið við Framsóknarflokkinn, má ekki vera vottur af framsóknarlykt af frambjóðanda.“<sup>97</sup>

Ólafur Thors skrifaði Pétri Benediktssyni, sendiherra í London, bréf í apríl og talaði þar um að forsetakjörið væri að gera út af við hann. Meirihluti sjálfstæðismanna vildi að flokksmenn kæmu sér saman um frambjóðanda en aðrir vildu styðja framboð Ásgeirs. Ólafur taldi að ef það yrði flokkskjör yrði skorað á Thor Thors, bróður hans, að fara í framboð en var þó ekki viss um að Thor væri tilbúinn að bjóða sig fram með svo kloffnu fylgi. Bjarni Benediktsson, varaformaður flokksins, var á móti því að flokkurinn sammæltist um forsetaefni og Ólafur sjálfur hefði viljað ná samkomulagi varðandi Ásgeir. Honum fannst mikilvægt að þjóðhöfðinginn væri menntaður og kynni skil á pólitískum efnum,<sup>98</sup> en að öðru leyti fannst honum óskemmtilegt að eyða tíma í „krýningu eins manns, sem litlu skiftir hver er.“<sup>99</sup>

Einnig var rætt um að Sjálfstæðismenn og mögulega Framsóknarmenn myndu styðja Gísla Sveinsson. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins vissu að Gísli hafði áhuga á að bjóða sig fram, en hvorki Ólafur né Bjarni vildu styðja hann enda hafði hann oft verið forystu flokksins erfiður viðureignar og þótti hann vera of óútreiknanlegur og hrokafullur. Í minningargrein um Ólaf Thors í *Andvara* 1966 eftir Bjarna Benediktsson fjallar Bjarni um ósættið milli Gísla og Ólafs við myndun bæði Þjóðstjórnarinnar og

---

<sup>95</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 19. febrúar 1952.

<sup>96</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 18. apríl 1952.

<sup>97</sup> *ÓT*. Flokksfundur atkvæði 5. apríl 1952.

<sup>98</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Péturs Benediktssonar 21. apríl 1952; Hrafn Jökulsson, „Mesti sigur aldarinnar“, *Alþýðublaðið* 20. febrúar 1996, bls. 4; *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 20. febrúar 1952.

<sup>99</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Péturs Benediktssonar 21. apríl 1952.

Nýsköpunarstjórnarinnar og nefnir að enginn hefði getað dregið það í efa að Ólafi og Gísla kom ekki vel saman. Þar af leiðandi hefði verið mjög ólíklegt að Gísli hefði fengið eindreginn stuðning frá Sjálfstæðismönnum.<sup>100</sup> Sagt hefur verið að stjórn Sjálfstæðisflokksins hafi, eins og árið 1944, viljað fá viðráðanlegan forseta á valdastól.<sup>101</sup>

Ýmis fleiri nöfn voru nefnd og náðist t.d. samstaða á milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um að styðja Jón Ásbjörnsson, forseta Hæstaréttar, en Jón hafði engan áhuga á því. Fleiri voru nefndir, s.s. Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi en nokkrir menn úr Sjálfstæðisflokknum höfðu gefið honum atkvæði sitt til forseta á Þingvöllum 1944. Varðandi aðra sem komu til greina gildi það sama, þ.e.a.s. þeir höfðu annað hvort ekki áhuga eða flokkarnir gátu ekki komist að samkomulagi.<sup>102</sup> Þegar komið var fram á voru það aðallega nöfn Ásgeirs og Gísla sem nefnd voru þegar næsti forseti Íslands var ræddur.<sup>103</sup>

Þann 25. apríl 1952 kom út blaðið *Reykvíkingur* þar sem tímaritið gaf áskrifendum tækifæri til að taka þátt í könnun um það hver yrði næsti forseti Íslands. Þá hafði enn enginn frambjóðandi stigið opinberlega fram, en Benjamín Sigvaldason fræðimaður, ritstjóri og ábyrgðarmaður nýs blaðs *Rödd fólksins*, hafði list yfir stuðningi við Gísla Sveinsson strax í byrjun mars og óskað eftir því að hann byði sig fram.<sup>104</sup> Í könnuninni nefnir *Reykvíkingur* sjö menn sem höfðu verið orðaðir við embættið og bað fólk um að velja einn þeirra og jafnvel bæta við einhverju öðru nafni ef það vildi. Þau nöfn sem nefndu voru eru: Ásgeir Ásgeirsson, Bjarni Ásgeirsson sendiherra í Osló, Gísli Sveinsson, Jón Pálmason forseti Alþingis, Pálmi Hannesson rektor, Sigurður Nordal sendiherra í Kaupmannahöfn og Thor Thors sendiherra í Washington. Þegar niðurstöðurnar birtust, þann 9. maí, var enginn ennþá búinn að bjóða sig fram formlega. 123 tóku þátt í könnuninni og hlaut Ásgeir Ásgeirsson flest atkvæði, samtals 59. Thor Thors fékk 28 atkvæði, Sigurður Norðdal 14, Gísli Sveinsson 8, Bjarni Ásgeirsson 6, Jón Pálmason 3 og Pálmi Hannesson 3. Einnig voru fleiri nefndir til sögunnar, s.s. Jónas

<sup>100</sup> Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 38; Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 84; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 224.

<sup>101</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls. 99; Hrafn Jökulsson, „Mesti sigur aldarinnar“, bls. 4-5.

<sup>102</sup> Ólafur Thors, „Þjóðin mun fagna slíkum þjóðhöfðingja“, *Morgunblaðið* 16. maí 1952, bls. 1; Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls. 83.

<sup>103</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 84.

<sup>104</sup> „Við kjósum nýjan þjóðhöfðingja í vor“, *Rödd fólksins* 1. mars 1952, bls. 1.

Jónsson, Ólafur Thors, Einar Olgeirsson, Sigurgeir Sigurðsson, Pétur Benediktsson, Björn Þórðarson, Agnar Kofoed-Hansen, Bjarni Benediktsson, Gunnar í Grænumýrartungu, Jón Ásbjörnsson, María Markan og Anna Borg.<sup>105</sup>

Hermann og fleiri framsóknarmenn vildu helst fá ópólitískan mann í embættið. Embætti forseta var miðað við konung í stjórnarskránni en konungar höfðu vitað að völdin væru formið eitt. Þeir voru hræddir um að flokkskjörinn forseti myndi nota það, sér í lagi ef hann kæmi úr heimi stjórnmalanna.<sup>106</sup>

Í samræðum á milli forystumanna stjórnarflokkanna (Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks) í apríl um forsetaefni sem sameinast mætti um kom séra Bjarni Jónsson vígslubiskup til tals. Bjarni hafði látið af embætti vorið 1952, þá 70 ára að aldri. Forystumenn flokkanna báðu Bjarna um að fara í framboð í lok apríl og tók Bjarni, til að byrja með, ekki vel í það. Eftir mikla hvatningu og þrýsting frá flokkunum ákvað Bjarni, treglega, að fara í framboð eftir að báðir flokkarnir tilkynntu honum að annars myndu þeir tilnefna sitthvorn frambjóðandann.<sup>107</sup> Steingrímur Steinþórsson, forsætisráðherra, taldi að Bjarni hefði einna helst farið í framboð vegna þrábeiðni Ólafs Thors, en þeir voru vinir og flokksbræður.<sup>108</sup>

Framboð Bjarna var talið mjög sterkt enda var hann virtur og hafði stuðning bæði framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Þó mun það hafa vakið nokkra undrun að formaður Framsóknarflokksins, Hermann Jónasson, ásamt fleiri framsóknarmönnum skyldu samþykkja að styðja þekktan sjálfstæðisman í framboð. Þegar Hermann var yngri var hann í fæði hjá Önnu Benediktsson, tengdamóður Bjarna. Hermann varð mjög náinn Önnu og fjölskyldu hennar, þar á meðal séra Bjarna. Hermann fannst því sjálfsagt að styðja Bjarna og með hans stuðningi fylgdu aðrir framsóknarmenn. Alþýðuflokkurinn neitaði hins vegar að styðja Bjarna og studdu leiðtogar flokksins Ásgeir. Í byrjun maí 1952 var því orðið að þrír menn yrðu í framboði til forseta, þeir Gísli, Ásgeir og Bjarni.<sup>109</sup>

---

<sup>105</sup> „Altalað í bænum“, *Reykviðingur* 25. apríl 1952, bls. 1; „Skoðanakönnunin“, *Reykviðingur* 9. maí 1952, bls. 8-9.

<sup>106</sup> ÓT. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 18. apríl 1952; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 228; „Hverjar eru sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar?“, bls. 17, 22, 31-32.

<sup>107</sup> Ólafur Thors, „Þjóðin mun fagna slíkum þjóðhöfðingja“, bls. 1-2; Hrafn Jökulsson, „Mesti sigur aldarinnar“, bls. 5; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 228, 232-234.

<sup>108</sup> „Aldarminning Steingrímur Steinþórsson“, *Tíminn* 12. febrúar 1993, bls. 6-7.

<sup>109</sup> Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll*, bls 84.

## Ákvörðun og áhrifavaldar Gísla

Það kom í raun ekki á óvart að Gísli Sveinsson hefði ákveðið að bjóða sig fram til forseta Íslands. Hann hafði verið orðaður við embættið frá stofnun þess og bjó að áratuga reynslu í heimi stjórnmalanna. Gísli hafði sterkar skoðanir á sjálfstæðisbaráttunni og hafði verið harður skilnaðarmaður. Þegar skoðanir hans fóru gegn flokknun hikaði hann ekki við að setja þær fram og fylgja þeim eftir, t.d. við stjórnarmyndanir Ólafs Thors. Það sama átti við þegar hann var sammála flokknun eins og t.d. í stjórnarskrármálinu og við stofnun lýðveldis, þá var hann á sömu skoðun og Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson og fór ekki leynt með það.

Bakgrunnur Gísla og Sveins forseta var keimlíkur, þ.e.a.s. báðir voru þeir lögfræðingar að mennt og höfðu starfað við stjórnmal og stjórnsýslu í áratugi. Sveinn var fyrsti sendiherra Íslands í Danmörku og Gísli var fyrsti sendiherra Íslands með búsetu í Noregi. Þó var mikill munur á persónuleika þeirra og vinsældum. Sveinn var vel þekktur meðal landsmanna en nafn Gísla bar ekki eins oft á góma þjóðarinnar.<sup>110</sup> Sem sendiherra hafði Gísli reynslu af utanríkismálum og komst þar í kynni við erlenda ráðamenn. Kristján Guðlaugsson, ritstjóri *Vísis*, var meðal þeirra Íslendinga sem heimsóttu Gísla þegar hann var búsettur í Osló. Hann minntist þess seinna meir að Gísli hefði unnið gott starf í Noregi og notið vinsælda og virðingar meðal norskra áhrifa- og tignarmanna.<sup>111</sup> Gústaf A. Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, lýsti Gísla sem svo í minnargrein: „Var það jafnan rómað og þó einkum, er hann skyldi halda uppi sóma þjóðar sinnar með erlendum mönnum.“<sup>112</sup> Gísli fylgdi ávallt sinni sannfæringu og á seinni árum varð það hans persónulegi metnaður að ljúka embættisferli sínum sem forseti Íslands.<sup>113</sup>

---

<sup>110</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 35-36, 38-40.

<sup>111</sup> Kristján Guðlaugsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 7.

<sup>112</sup> Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson“, bls. 8.

<sup>113</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 223; Viðtal höfundar við Þórð Tómasson 4. apríl 2017.

### 3. kafli

## Kosningabaráttan

### Ósætti innan Sjálfstæðisflokksins

Þó svo að meirihluti sjálfstæðismanna væri sammála starfsaðferðum flokksins fór því fjarri að það ríkti einhugur um forsetakjörið. Formaður Sjálfstæðisflokksins fékk til að mynda ekki eingöngu stuðningsyfirlýsingar víða að, heldur líka nokkur bréf frá flokksmönnum þess efnis að þeir myndu móta sitt forsetaval sjálfir.<sup>114</sup>

Gunnar Thoroddsen var lykilmaður í Sjálfstæðisflokknum og borgarstjóri í Reykjavík á þessum tíma. Gunnar ákvað að styðja tengdaföður sinn, Ásgeir Ásgeirsson, þvert á það sem flokkurinn vonaðist eftir. Þegar hann frétti að stjórnarflokkarnir hefðu ákveðið að styðja séra Bjarna fór Gunnar á fund hans. Í viðtalsbók Ólafs Ragnarssonar rifjaði Gunnar þetta upp: „[Bjarna] var mikið niðri fyrir. Svo mikill væri þrýstingurinn, sagði hann, að hann sæi sér ekki fært að neita. Fullyrt hefði verið, að ef hann neitaði að fara í framboð, yrði hér mikið ófriðarbál. Hann gæti með því að gefa kost á sér, komið í veg fyrir þau hjaðningavíg.“<sup>115</sup>

Þann 9. maí 1952, á flokksráðsfundi hjá Sjálfstæðisflokknum, lagði Gunnar til að flokkurinn tæki ekki afstöðu í kosningunum og leyfði sjálfstæðismönnum að kjósa þann sem þeim litist best á. Á sama fundi lagði Ólafur Thors til að flokkurinn myndi styðja Bjarna til forseta og varð það úr. 36 fundarmenn voru samþykkir en fjórir andvígir og meðal þeirra sem ekki voru á fundinum höfðu þrír flokksmenn lýst yfir stuðningi við Gísla. Því var ljóst að ekki hafði náðst algjör eining um málið þó svo flestir væru sammála.<sup>116</sup> Margir flokksmenn gagnrýndu Gunnar harðlega enda töldu þeir ekki við hæfi að einn af forystumönnum Sjálfstæðisflokksins tæki afstöðu gegn flokknum. Þó að margir flokksfélagar Gunnars hefðu varað hann við að fara gegn flokknum lét hann ekki tilleiðast og lagði áherslu á að samkvæmt lögum

---

<sup>114</sup> ÓT. Orðsendingar og stuðningsyfirlýsingar til Ólafs Thors í maí 1952.

<sup>115</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 88.

<sup>116</sup> Davíð Oddson, „Geir Hallgrímsson“, bls. 24; Ólafur Thors, „Þjóðin mun fagna slíkum þjóðhöfðingja“, bls. 2; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 234-235.



Sjálfstæðisflokksins ætti flokksráð að marka stjórnmalastefnu, en það ætti ekki við í þessum efnun.<sup>117</sup>

## Rödd fólksins

Svokölluð „Samtök frjálslyndra manna“ stóðu að útgáfu blaðsins *Rödd fólksins* í mars 1952 þar sem list var yfir stuðningi við Gísla Sveinsson í forsetaframboðinu. Þar var talað um að Gíslí hefði alla burði til þess að verða forseti Íslendinga, m.a. vegna þess að eftir sendiherrastörf sín í Noregi þekkti hann erlenda þjóðhöfðingja, síði þeirra og venjur. Ásamt því að þekkja vel athafnalíf Íslendinga og þjóðarhag eftir margvísleg störf sín fyrir hönd þjóðarinnar. Samtökin tilkynntu í greininni að þau ætluðu að beita sér fyrir því að hann yrði þjóðhöfðingi Íslendinga.<sup>118</sup>

*Rödd fólksins* kom tvisvar sinnum út, 1. og 15. mars 1952. Í báðum útgáfunum var forystugrein um forsetavalið til stuðnings Gísla. Í umfjöllun segir: „hvaðanæfa, sem til fréttist, á Gíslí Sveinsson mikið fylgi meðal óflokksbundinna manna um land allt og það fylgi mun reynast drýgra en margur hyggur.“<sup>119</sup> Einnig kom fram að þeir sem hefðu fylgt Landvarnarstefnunni í sjálfstæðisbaráttunni styddu hann, en helstu andstæðingar Gísla væru líklega hægri armur Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokkurinn. Þar kom fram að lítið hefði verið fjallað um forsetakjörið opinberlega en í fyrri hluta mars birtist grein í *Tímanum* þar sem stóð:

Annars virðist enn ekki hafa gerzt neitt í þessum málum, er gefi nokkra vísbendingu um, hver næsti forseti verður. Það markverðasta, sem enn hefir gerzt, mun það, að fylgi Gísla Sveinssonar fer vaxandi meðal óháðari Sjálfstæðismanna.<sup>120</sup>

Í mars, áður en stjórnarflokkarnir höfðu sammælt um að styðja Bjarna, birtust fleiri greinar í *Tímanum* þar sem fjallað var vinsamlega um Gísla sem forsetaefni og kom m.a. fram að það væri margra manna mál að ef Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn

---

<sup>117</sup> Gunnar G. Schram, „Gunnar Thoroddsen“, bls. 28; Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 91-92.

<sup>118</sup> „Við kjósum nýjan þjóðhöfðingja í vor“, bls. 1.

<sup>119</sup> „Forsetavalið“, *Rödd fólksins* 15. mars 1952, bls. 1.

<sup>120</sup> Starkaður, „Baðstofuhjal“, *Tíminn* 9. mars 1952, bls. 4.

kæmu sér saman um frambjóðanda myndu framsóknarmenn styðja Gísla. „Eitt er víst, að eins og málum er háttað nú í svipinn, þá hefur enginn maður jafnmikið fylgi og Gísli Sveinsson.“<sup>121</sup>

*Vísir* fjallaði einnig um Gísla og aðsenda grein um hann sem hafði birst í *Tímanum*. Þar kom fram, eins og í mörgum öðrum fjölmiðlum, að aðalumræðuefni landsmanna væri hið væntanlega forsetakjör. Gísli hafi verið talinn sem „einna líklegasti maðurinn í þá stöðu vegna sinnar fortíðar, sem einn ágætasti embættismaður þjóðarinnar.“<sup>122</sup>

Þegar komið var fram í apríl birtist í *Tímanum* aðsent bréf frá „Reykvíkingi“ sem kvaðst, vegna vinnu sinnar, hafa haft tal af mörgum bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi í tengslum við kjörið. Bréfitari sagði að samkvæmt því sem hann hefði heyrt væri Ásgeir sá maður sem virtist hafa mest fylgi, hjá öllum flokkum en minntist hann engu að síður á að margt mælti með Gísla. Einnig birtist bréf frá „gömlum Sjálfstæðismanni“ sem minnst þess að Gísli hefði verið einn þeirra sem mest hafði látið til sín taka í sjálfstæðisbaráttunni og síðan þá hafi hann verið einn kjarkmesti leiðtogi hennar. Sjálfstæðismaðurinn minnst þess að Gísli hafði lýst yfir lýðveldisstofnuninni og sagði engan hafa verið færari til þess að gegna því hlutverki. Auk þess að bera hæst af þeim sem höfðu verið nefndir í tengslum við forsetaembættið í sjálfstæðisbaráttunni átti hann feril að baki sem heiðarlegur, duglegur og réttlátur stjórnmalamaður. Bréfitari taldi engan betri en Gísla til þess að sinna embætti forseta Íslands.<sup>123</sup>

## Framboðin tilkynnt

Lög um kjör forseta Íslands kváðu á um að forsætisráðherra skyldi auglýsa kosninguna þremur mánuðum fyrir kjördag og framboðum til forsetakjörs skyldi skilað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag. Þann 20. mars, var gefin út auglýsing um forsetakosningarnar og þar kom fram að kjördagur yrði sunnudagurinn 29. júní. Framboðsfrestur var veittur til 25. maí og áttu þá öll framboð að vera komin fram ásamt skriflegum meðmælum frá 1.500-3.000 kjósendum.<sup>124</sup>

---

<sup>121</sup> „Forsetavalið“, bls. 1.

<sup>122</sup> „Forsetakjörið rætt“, *Vísir* 29. mars 1952, bls. 8.

<sup>123</sup> Starkaður, „Baðstofuhjal“, *Tíminn* 10. apríl 1952, bls. 6, 10.

<sup>124</sup> Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 5.

Kosningabaráttan var að miklu leyti háð í blöðunum sem langflest voru tengd einhverjum stjórnámálaflokkanna. *Morgunblaðið*, útbreiddasta blað landsins, var til dæmis málagn Sjálfstæðisflokksins og *Tíminn* blað Framsóknarflokksins. *Vísir* var Reykjavíkurblað sem hallaðist að Sjálfstæðisflokknum, *Þjóðviljinn* var málagn sósíalista og *Alþýðublaðið* málagn Alþýðuflokksins.<sup>125</sup> Þessi blöð voru gefin út í Reykjavík en flokkarnir voru líka með fleiri málöggn annars staðar á landinu, s.s. á Akureyri, Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Einnig voru gefin út vikublöð, eins og t.d. *Mánudagsblaðið* sem var umdeilt rit en hafði þó áhrif á umræður landsmanna.<sup>126</sup>

Um kvöldið 9. maí voru framboðin tilkynnt í Ríkisútvarpinu, sama dag og stjórnarflokkarnir komust formlega að samkomulagi um að styðja séra Bjarna. Ólafur Thors sendi bróður sínum Thor Thors símskeyti þess efnis sama dag. Aðeins fjórum dögum áður hafði hann sent Thor skeyti um að allt væri óvíst ennþá varðandi forsetaframboðanda stjórnarflokkanna. Í tilkynningu útvarpsins var tekið fram að þeir sem stóðu að framboði Gísla væru samtök sem kölluðu sig „Frjáls samtök kjósenda.“ Að framboði Ásgeirs stóðu „kjósendur úr öllum lýðræðisflokkunum“ og að framboði séra Bjarna stóðu miðstjórnir stjórnarflokkanna.<sup>127</sup>

Í framhaldinu birtust tilkynningar í blöðunum um að þrír menn yrðu í framboði til forseta Íslands. *Morgunblaðið* birti eftirfarandi forsíðufyrirsögn, undir stórrri mynd af Bjarna: „Þjóðareining nauðsyn um forsetakjör“.<sup>128</sup> Þar kom skýrt fram að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hefðu lýst yfir stuðningi við Bjarna.<sup>129</sup> Á baksíðu *Morgunblaðsins*, neðst í vinstra horninu, var lítil frétt sem fjallaði um framboð Gísla og Ásgeirs.<sup>130</sup> *Tíminn* birti svipaða lýsingu af þremmenningunum og *Morgunblaðið*.<sup>131</sup>

Í *Vísi* var þó annar háttur hafður á, þar var aðeins ein grein um hvern þeirra með jafnstórum myndum. Einnig ólíkt umfjöllunum annarra blaða var Gísli fyrst kynntur til sögunnar. Blaðamaður hélt því þó fram að stjórnarflokkarnir hlytu að hafa gert sér

<sup>125</sup> „Alþýðublaðið“, *Alþýðublaðið* 29. október 1919, bls. 1.

<sup>126</sup> Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*, bls. 170-171; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 242.

<sup>127</sup> ÓT. Símskeyti frá Ólafi Thors til Thors Thors 5. maí og 9. maí 1952; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 233-235.

<sup>128</sup> „Þjóðareining nauðsyn um forsetakjör“, *Morgunblaðið* 10. maí 1952, bls. 1.

<sup>129</sup> „Forsetakjörið“, *Morgunblaðið* 10. maí 1952, bls. 8.

<sup>130</sup> „Ásgeir Ásgeirsson og Gísli Sveinsson verða í kjöri“, *Morgunblaðið* 10. maí 1952, bls. 16.

<sup>131</sup> „Séra Bjarni Jónsson hefir tekið áskorun stjórnarflokkanna um forsetaframboð“, *Tíminn* 10. maí 1952, bls. 1.

grein fyrir því að með framboði Gísla og Bjarna myndu líkurnar á sigri Ásgeirs aukast.<sup>132</sup>

## Stuðningur flokkanna

Í kosningabaráttunni lögðu Alþýðuflokksmenn áherslu á aldur frambjóðendanna, enda var Ásgeir yngstur þeirra þriggja. Þeir greindu frá því að Gísli og Bjarni væru hættir að vinna vegna aldurs, komnir yfir sjötugt, en Ásgeir væri aðeins 58 ára.<sup>133</sup> Sósíalistar skrifuðu einnig um að það þætti heldur óeðlilegt fyrir menn sem höfðu látið af embættistörfum vegna aldurs, samkvæmt lögum, að gegna starfi forseta Íslands.<sup>134</sup> Eftir að aldur varð að umtalsefni birtist fyrirsögn í *Morgunblaðinu* þess efnis að Bjarni yrði meðal yngri forseta Evrópu. Með þeirri frétt fylgdi upptalning á öðrum þjóðarleiðtogum í Evrópu sem voru eldri en Bjarni.<sup>135</sup>

Málgögn Alþýðuflokksins komu einnig inn á umræður landsmanna um stuðning við Gísla. Til að byrja með hafi menn haldið að hann fengi töluverðan fjölda atkvæða, en ekki lengur. Margir héldu að það myndi reynast honum erfitt að halda í stuðningsmenn þar sem menn vildu ekki kasta atkvæði sínu á glæ. Baráttan yrði greinilega á milli hinna frambjóðendanna. Þess vegna þyrfti þjóðin að gera það upp við sig hvorn þeirra hún ætlaði að velja.<sup>136</sup> Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson skrifuðu forsíðugreinar til skiptis í *Morgunblaðið* sem fjölluðu um kosningarnar. Ólafur Thors birti grein í *Morgunblaðinu* um miðjan maí þar sem hann skrifaði m.a.:

Af þessu leiðir, að þegar flokksráð Sjálfstæðisflokksins hefur gert ályktun er hún að ÞVÍ leyti algerlega bindandi fyrir alla Sjálfstæðismenn, að flokkurinn á álit sitt, virðingu sína, heiður og mátt undir því, að við hana sé staðið, og aldrei á þetta fremur við en þegar um framboð er að ræða. Fyrir því veltur framtíðarheill flokksins á samheldni flokksmanna og því, að Sjálfstæðismenn standi við þau loforð sem flokksráðið hefur gefið í lögsmætu umboði þeirra.<sup>137</sup>

<sup>132</sup> „Þrír frambjóðendur líklegir við forsetakjörið þ. 29. júní“, *Vísir* 10. maí 1952, bls. 1.

<sup>133</sup> Guðmundur Illugason, „Aldur forsetans“, *Alþýðublaðið* 25. júní 1952, bls. 5; „Þrír frambjóðendur til forsetakjörs“, *Skutull* 10. maí 1952, bls. 1.

<sup>134</sup> „Forsetakjörið“, *Austurland* 24. maí 1952, bls. 1.

<sup>135</sup> „Séra Bjarni verður einn af yngri forsetum álfunnar“, *Morgunblaðið* 22. maí 1952, bls. 1.

<sup>136</sup> „Hugsandi menn kasta ekki atkvæði sínu á glæ“, *Skutull* 28. maí 1952, bls. 4.

<sup>137</sup> Ólafur Thors, „Þjóðin mun fagna slíkum þjóðhöfðingja“, bls. 2.

Blöð Sjálfstæðisflokksins lýstu því yfir að 17. júní 1944 væri sá dagur sem hæst bæri í sögu Íslendinga, á síðustu öldum. Í þeirri umræðu var þó, ótrúlegt en satt, ekkert minnst á Gísla en fjallað var um bæði Bjarna og Ásgeir.<sup>138</sup> Sjálfstæðismaðurinn, Steingrímur Benediktsson, skrifaði grein um hversu mikilvægt það væri að kjósa forseta með sem allra flestum atkvæðum til þess að mynda þjóðareiningu. Þess vegna ættu landsmenn að taka „tillit til heildarinnar að kjósa séra Bjarna Jónsson, jafnvel þó að persónulegar óskir verði að einhverju leyti að þoka til hliðar.“<sup>139</sup>

Slagorð stuðningsmanna Ásgeirs varð „Fólkið velur forsetann“ og varð hann að tákni landsmanna gegn flokksræði og valdi fárra aðila. Þó var lögð mikil áhersla á þekkingu hans og þátttöku í stjórnmálum þar sem þau myndu nýtast honum sem forseta. Kosningarbarátta Ásgeirs var vel skipulögð og líkti Ólafur Thors henni við árás Japana á Pearl Harbour.<sup>140</sup> Stuðningsmenn Ásgeirs stofnuðu formleg samtök þar sem sex einstaklingar sátu í nefnd, þar á meðal þrír alþingismenn, Gunnar Thoroddsen sjálfstæðismaður, Bernharð Stefánsson framsóknarmaður og Emil Jónsson alþýðuflokksmaður. Aðrir aðilar í nefndinni voru Jakobína Ásgeirsdóttir, Laufey Vilhjálmsdóttir og Soffía Ingvarsdóttir. Nefndin tók stóran þátt í kosningabaráttunni og var tilgangur hennar m.a. að ná til kvenkynshluta þjóðarinnar og fólks úr öllum flokkum.<sup>141</sup> Blað stuðningsmanna Ásgeirs hét *Forsetakjör* og var gefið út samtals sjö sinnum frá 28. maí. Vinsældir blaðsins voru miklar og var fyrsta tölublaðið prentað í 15 þúsund eintökum. Við prentsmiðjuna myndaðist röð fólks sem keypti *Forsetakjör* um leið og prentun þess var lokið. Fyrsta upplagið reyndist of lítið þannig að næstu tölublöð voru prentuð í 25 þúsund eintökum til að koma til móts við eftirspurn.<sup>142</sup>

---

<sup>138</sup> Jóhann Friðfinnsson, „Í trú á hamingju lands síns mun æskan styðja að kjöri séra Bjarna Jónssonar til forseta“, *Fylkir* 20. júní 1952, bls. 1; „Ræðan, sem vakti fögnuð“, *Forsetakjör* 27. júní 1952, bls. 5.

<sup>139</sup> Steingrímur Benediktsson, „Hversvegna ber að kjósa sr. Bjarna Jónsson í forsetaembættið?“, *Fylkir* 20. júní 1952, bls. 1-2.

<sup>140</sup> „Ólafur Thors“, *Alþýðublaðið* 22. júní 1952, bls. 8; Bernharð Stefánsson o.fl., „Fólkið velur forsetann“, *Forsetakjör* 28. maí 1952, bls. 2.

<sup>141</sup> Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 329; Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 135; Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 89.

<sup>142</sup> „Forsetakjör, hið nýja blað, var rífið út strax við útkomu í gær“, *Alþýðublaðið* 29. maí 1952, bls. 1; „Forsetakjör“, *Forsetakjör* 28. maí 1952, bls. 2; „Forsetakjör“, *Forsetakjör* 27. júní 1952, bls. 5; Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 327.

Athyglisvert er að skoða rannsóknir í stjórnmálafræði sem vísa til þess að oft á tíðum noti kjósendur atkvæði til að gefa skilaboð um annað en það sem kosningarnar snúast um. Það sem hefur oft mikil áhrif á niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna er afstaða til ríkisstjórna í hugum kjósenda. Sú kosningaaðferð sem notast er við í forsetakosningum á Íslandi, þ.e.a.s. einföld meirihlutakosning, hefur þau áhrif að skynsamur kjósandi myndi trúlega verja atkvæði sínu í þann, af þeim sem líklegastur er til að sigra, sem honum líkar skást við, frekar en að velja einhverja sem í hans huga eiga ekki möguleika á að vinna, þó honum líki betur við þá.<sup>143</sup>

Stuðningsmenn Gísla gáfu einnig út kosningablað tileinkað honum. Blaðið hét *Frelsi* og var gefið út samtals þrisvar sinnum í júní. Frelsi var kjörorð stuðningsmanna Gísla í kosningabaráttunni enda töldu þeir að frelsi ætti að ríkja varðandi forsetakjörið. Einnig var frelsi og sjálfstæði Íslands það sem Gísli hafði barist fyrir alla tíð og stefndi á að halda því áfram næði hann kjöri. Ritstjóri var Jón Björnsson rithöfundur og hélt blaðið því fram að baráttan stæði á milli Gísla og Ásgeirs. Í blaðinu kom fram að stuðningsmenn hans væru úr öllum stjórnmálaflokkum og stéttum.<sup>144</sup> Jón Aðalsteinn Jónsson, fræðimaður og stuðningsmaður Gísla skrifaði m.a. þar um kosningabaráttuna:

Orð lék á því, að reynt hafi verið af sumum forvígismönnum stjórnarflokkanna, ekki sízt annars þeirra, að hindra eftir beztu getu framboð af hálfu Gísla Sveinssonar með því að ætla að loka leiðum að eðlilegri og lögmætri söfnun meðmælenda. Þetta tókst að vísu ekki, þótt ýmsum aðferðum væri beitt. Var því m.a. dreift út, að Gísli Sveinsson væri hættur við að verða í kjöri, en það reyndist vitanlega hreinn uppspuni.<sup>145</sup>

Hann hélt því jafnframt fram að það fylgi sem stjórnarflokkarnir voru að reyna að afla Bjarna hefði án nokkurs efa farið til Gísla ef flokkarnir hefðu látið kjörið afskiptalaust.<sup>146</sup>

---

<sup>143</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason, Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa?“, bls. 226-227.

<sup>144</sup> „Pólitískur blindingaleikur“, *Frelsi* 28. júní 1952, bls. 1; „Gísli Sveinsson: Forsetakjörið“, *Frelsi* 13. júní 1952, bls. 1; „Tilkynning frá frjálsum samtökum kjósenda“, *Þjóðviljinn* 29. júní 1952, bls. 3.

<sup>145</sup> Jón Aðalsteinn Jónsson, „Framboðin við forsetakjörið“, *Frelsi* 13. júní 1952, bls. 2.

<sup>146</sup> Jón Aðalsteinn Jónsson, „Framboðin við forsetakjörið“, bls. 2.

*Þjóðviljinn* blandaði sér ekki jafn mikið í kosningabaráttuna og málgögn hinna flokkanna. Á sumum stöðum, t.d. á Siglufirði voru sósíalistar hvattir til þess að mótmæla þeim harkalegu deilum sem upp höfðu komið í kosningabaráttunni og snérust ekki um málefni heldur frekar flokksmetnað og kunningsskap með því að skila auðu.<sup>147</sup> Rétt fyrir kosningar var umfjöllun í *Þjóðviljanum* þar sem fram kom að ný sturlungaöld væri hafin með forsetakosningunum, svo mikill væri áróðurinn. Þar stóð um Gísla: „Gísli Sveinsson, aldurnhigið yfirvald úr Sjálfstæðisflokknum, en metorðagjarn eins og ungur Heimdellingur, hefur brotið aga flokks síns og boðið sig fram til forsetakjörs.“<sup>148</sup>

Kosningarnar voru mjög pólitískar og voru umræðurnar oft í líkingu við kosningar til Alþingis. Í júní hafði *Þjóðviljinn* samband við þremmenningana og spurði þá hvort þeir væru samþykkir samningnum við Bandaríkin um hvernd Íslands og hvort þeir myndu beita áhrifum sínum til þess að reyna að koma hernum burt sem fyrst. Gísli taldi það vera skyldu forsetans að vinna að heill þjóðarinnar en hann óskaði eftir því að svara ekki þessum spurningum enda tengdust þær ekki valdi forsetans.<sup>149</sup>

## **Baráttan á síðustu metrunum**

Rétt tæpri viku fyrir kjörið var enn erfitt að sjá fyrir hvernig kosningarnar færu en þó var orðið ljóst að fylgi Gísla væri lítið. Í *Mánudagsblaðinu* var þetta rætt og kom þar fram að margir landsmenn væru ekki enn búnir að gera upp hug sinn en flestir myndu kjósa Ásgeir eða Bjarna. Greinarhöfundurinn, Ólafur Hansson, spáði fyrir úrslitunum í hverju kjördæmi fyrir sig eftir að hafa talað við fólk víðsvegar um landið. Hann hélt að Gísli fengi 2.000-2.500 atkvæði í Reykjavík og að mikill hluti þessara atkvæða kæmi frá Skaftfellingum sem bjuggu í bænum. Í Skagafjarðarsýslu töldu sumir að Gísli og Ásgeir fengju álíka mikinn stuðning. Gísli átti að hafa sagst eiga eitthvað fylgi í Borgarfjarðarsýslu og talsvert fylgi í Skagafjarðarsýslu, m.a. var Sigurður sýslumaður þar talinn styðja Gísla, þó að Sigurður hefði farið sér hægt í kosningabaráttunni. Einnig var því haldið fram að Gísli ætti nokkur atkvæði í Dalasýslu og Suður-Þingeyjarsýslu en Jón í Ystafelli og fleiri vinir Jónasar frá Hriflu voru sagðir styðja hann. Gísla var spáð

<sup>147</sup> Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 131; „Forsetakosningarnar“, *Mjöltnir* 25. júní 1952, bls. 2.

<sup>148</sup> Lupus (Helgi Sæmundsson), „Forsetaraunir“, *Þjóðviljinn* 22. júní 1952, bls. 5.

<sup>149</sup> „Forsetaefnin og hernámið“, *Mjöltnir* 25. júní 1952, bls. 4; „Forsetaefnin og örlagaríkasta mál íslenzku þjóðarinnar“, *Þjóðviljinn* 11. júní 1952, bls. 1.

einhverju fylgi í Norður-Þingeyjarsýslu þaðan sem einn helsti stuðningsmaður Gísla, Benjamín Sigvaldason, var ættaður og í syðstu hreppum Suður-Múlasýslu. Á heimaslóðunum var Gísli spáð yfirgnæfandi sigri, bæði í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í Rangárvallasýslu átti Gísli að eiga dálítið fylgi, hið mesta fyrir utan heimaslóðirnar og Reykjavík. Almennt var talið að Björn F. Björnsson, sýslumaður þar, væri stuðningsmaður hans. Á hinn bóginn var fullyrt að í Árnessýslu væru flestir áhrifamenn sem höfðu stutt Gísli orðnir stuðningsmenn Bjarna, t.d. þeir Egill í Sigtúnum, Bjarni á Laugarvatni, Böðvar á Laugarvatni og Jörundur Brynjólfsson.<sup>150</sup>

Rétt fyrir kjördag sendi kosningaskrifstofa stuðningsmanna Gísla frá sér tilkynningu þar sem þeir mótmæltu harðlega ósvífni sjálfstæðismanna. Flokkurinn hafði nafngreint fylgendur Gísla og haldið því fram að þeir væru opinberir stuðningsmenn séra Bjarna í *Morgunblaðinu* og á fleiri stöðum. Í Rangárvallasýslu voru í því samhengi t.d. nefndir Guðmundur Erlendsson frá Núpi, Páll Björgvinsson frá Efra-Hvoli og Sigurjón Sigurðsson frá Raftolti. Gísli fékk símskeyti frá Guðmundi þar sem hann harmaði þetta mjög, sagði þetta að sjálfsögðu ekki vera rétt og ætlaði að krefjast leiðréttingar.<sup>151</sup>

*Alþýðublaðið* birti auglýsingar fyrir kosningaskrifstofu Gísla sem Frjáls samtök kjósenda skrifuðu undir. Í einni auglýsingunni stóð að *Morgunblaðið* hefði ekki viljað birta sams konar auglýsingu þar.<sup>152</sup> *Tíminn* birti aftur á móti auglýsingar fyrir kosningaskrifstofu Gísla, Bjarna og Ásgeirs. Tilkynningarnar fyrir stuðningsmenn Ásgeirs og Bjarna voru á blaðsíðu 2 en fyrir stuðningsmenn Gísla á blaðsíðu 7.<sup>153</sup>

Fyrir kosningar framkvæmdu stuðningsmenn Ásgeirs óformlegar kannanir um forsetakjörið sem bentu til þess að Ásgeir og Bjarni hefðu mun meira fylgi en Gísli. Þann 28. júní birti *Alþýðublaðið* heildarúrslit 86 þessara skoðanakannana. Ásgeir kom best út í 78 þeirra og fékk í heildina 2.774 atkvæði. Gísli kom verst út úr þeim öllum og

<sup>150</sup> Ajax (Ólafur Hansson), „Forsetakjörið“, *Mánudagsblaðið* 23. júní 1952, bls. 1, 4, 7.

<sup>151</sup> „Stjórnarliðið skipar stuðningsmenn Gísla Sveinssonar í áróðursnefndir“, *Frelsi* 28. júní 1952, bls. 3; „Stjórnarliðið skipar stuðningsmenn Gísla í áróðursnefndir“, *Alþýðublaðið* 26. júní 1952, bls. 8.

<sup>152</sup> „Kosningaskrifstofa Gísla Sveinssonar“, *Alþýðublaðið* 27. júní 1952, bls. 7.

<sup>153</sup> „Orðsending“, *Tíminn* 27. júní 1952, bls. 2; „Skrifstofur“, *Tíminn* 27. júní 1952, bls. 2; „Kosningaskrifstofa Gísla Sveinssonar“, *Tíminn* 27. júní 1952, bls. 7.



fékk einungis 280 atkvæði og Bjarni kom best út í 8 könnunum og fékk samtals 1.277 atkvæði.<sup>154</sup>

*Morgunblaðið* fjallaði einnig um þessar skoðanakannanir sem fóru fram m.a. í skírnar- og fermingarveislum, fyrirtækjum og stofnunum. Sjálfstæðismenn voru vitaskuld ekki ánægðir með niðurstöðurnar og héldu því fram að kannanirnar væru falsaðar. Gísli fékk einhver atkvæði í flestum skoðanakönnunum en venjulega voru þau ekki mörg og voru þessar kannanir heldur ekki vinsælar á meðal stuðningsmanna hans.<sup>155</sup>

## Áhrif frambjóðendanna á þjóðina

Gísli, Bjarni og Ásgeir komu aldrei fram opinberlega í kosningabaráttunni enda þótti ekki viðeigandi að forsetaefnin ferðuðust um landið og auglýstu sjálfa sig. Stuðningsmenn þeirra sáu um að tala fyrir þeirra hönd og koma þeim á framfæri.<sup>156</sup>

Aðeins í eitt skipti, þann 26. júní ávörpuðu þeir landsmenn í útvarpinu. Í blöðunum var því haldið fram að þetta kvöld hafi fleiri Íslendingar hlustað á útvarp en nokkru sinni fyrr og að götur í Reykjavík hafi verið nánast auðar. Frambjóðendurnir þrír voru allir vanir ræðumenn og lögðu mesta áherslu í ávörpum sínum á að þjóðin skyldi sameinast um þann sem næði kjöri.<sup>157</sup> Þegar ljóst var að útvarpsráð hafði boðið frambjóðendum að ávarpa þjóðina í útvarpi báðu forystumenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að stjórnmalaflokkunum yrðu veitt svipuð réttindi og frambjóðendum til þess að gera grein fyrir sinni afstöðu í kosningunum.<sup>158</sup> Samkvæmt forsætisráðherra hafði málið snúist þannig að stjórnarflokkarnir voru í hálfgerðri varnarstöðu og vonuðust þeir til þess að styrkja stöðu sína með umræðum í útvarpinu.<sup>159</sup>

Gísli talaði fyrstur og minntist á kosningabaráttuna. Af hans hálfu hafi ríkt friðsemd og háttvísi um framboðið og hann kvaðst líkt og stuðningsmenn sínir vilja

<sup>154</sup> „Heildarúrslit 86 prófkosninga“, *Alþýðublaðið* 28. júní 1952, bls. 1, 7; Jóhann Þ. Jósefsson, „AB falsar úrslit „prófkosninga“ á Gullfossi“, *Morgunblaðið* 26. júní 1952, bls. 8;

„Prófkosningarnar sýna, hvert stefnir“, *Forsetakjör* 28. maí 1952, bls. 1.

<sup>155</sup> „Einstæðar bardagaaðferðir“, *Morgunblaðið* 28. júní 1952, bls. 16; Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 138.

<sup>156</sup> Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 139; Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 331, 341.

<sup>157</sup> Hrafn Jökulsson, „Mesti sigur aldarinnar“, bls. 6; Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 139.

<sup>158</sup> *ÓT*. Útvarpsræða Ólafs Thors í tilefni forsetakosninga 1952.

<sup>159</sup> „Aldarminning Steingrímur Steinþórsson“, bls. 7.

forðast allan mannskemmandi áróður. Gísli talaði um hvernig framboð hans hafði komið til og sagðist hafa verið orðaður við forsetaembættið mjög snemma. Síðan hafi myndast hreyfing sem varð að fylkingu manna úr öllum flokkum, Frjáls samtök kjósenda, og hafi þeir skorað á hann að fara í framboð. Gísli talaði einnig um að leit stjórnarflokkanna að frambjóðanda hefði tekið þrjá mánuði og að niðurstöðunnar hefði verið beðið með eftirvæntingu. Hann sagði að mikill meirihluti stuðningsmanna hans væru sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem hefðu gert ráð fyrir því að flokksforystan myndi hafa nafn hans í frammi fyrir alvöru eða láta kjörið afskiptalaust, þó svo hann hafi ekki búist við því sjálfur. Ef að svo hefði farið ályktuðu margir að mikill fjöldi þessara flokksmanna hefðu stutt Gísla. Hann gagnrýndi harkalega framgöngu forystumanna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í kosningunum. Að lokum sagði Gísli að það veki líklega furðu margra að stjórnarflokkarnir hefðu ekki valið til framboðs þann sem „hélt velli er á reyndi við lýðveldisstofnunina 1944 heldur þann sem hopaði,“<sup>160</sup> en Bjarni hafði verið lögskilnaðarmaður og talað gegn stofnun lýðveldis árið 1944.<sup>161</sup>

Ásgeir talaði næst og minntist á kosningahriðina sem hafði gengið yfir landið. Það væri greinilegt að ekki gerðu allir stjórnámálamenn sér grein fyrir hinu „sérstaka eðli forsetakosninganna“, annað en almenningur. Hann sagðist enn fremur hafa þann metnað að standa undir þeim vonum og tiltrú sem honum kynni að vera sýnd.<sup>162</sup>

Bjarni ávarpaði þjóðina síðastur frambjóðendanna og sagðist aldrei hafa búist við því að verða beðinn um að fara í framboð til forseta. Hann hefði aldrei hugsað né talað um neitt slíkt og því hefði það komið honum á óvart þegar forystumenn stjórnarflokkanna leituðu til hans. Hann hafi síðan ákveðið að bjóða sig fram til þess að koma í veg fyrir hörð átök um þetta mál og leiða þannig til aukins friðar og þjóðareiningar. Bjarni sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum þar sem hörð kosningabarátta var ríkjandi en ekki sá friður sem hann hafði vonast eftir. Eins og hann orðaði það þá: „er vel hægt að lofa einn án þess að lasta annan.“<sup>163</sup> Svo virtist sem átökin fyrir

---

<sup>160</sup> GS. Ræða Gísla Sveinssonar við forsetakjör 1952.

<sup>161</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 240.

<sup>162</sup> „Kjösið forsetann án flokkssjónarmiða“. *Alþýðublaðið* 29. júní 1952, bls. 1, 7; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 245.

<sup>163</sup> „Mig langar til þess af veikum mætti að vinna verk mín í anda friðar og sáttfýsi“, *Tíminn* 27. júní 1952, bls. 5-6.

kosningar hafi komið forsetaefnunum á óvart enda minnst þeir allir á baráttuna í ræðum sínum.

Gísli var framúrskarandi ræðumaður, eins og víða kemur fram í heimildum um hann. Í sínu ávarpi útskýrði hann framboð sitt og færði rök fyrir því að hann ætti fylgi meðal þjóðarinnar, ólíkt því sem blöðin héldu fram. Hann gagnrýndi einhliða áráðurnir og það að hafa ekki fengið að njóta sama réttar og hinir frambjóðendurnir til að koma sér á framfæri. Hann gaf það einnig í skyn að ákveðnir aðilar stæðu fyrir herferð gegn honum. Mjög líklega var hann að tala um forystumenn Sjálfstæðisflokksins, aðallega Ólaf og Bjarna, þó hann segði það ekki berum orðum. Í stað þess að einblína eingöngu á að höfða til þjóðarinnar snérist stór hluti ræðunnar um að réttlæta framboðið og gera grein fyrir því, ólíkt hinum frambjóðendum, sem þurftu þess ekki með. Eins og Gísli orðaði það sjálfur, réttilega, var margt skrítið og einskins svifist.<sup>164</sup>

Þegar frambjóðendurnir höfðu flutt mál sitt las Helgi Hjörvar, skrifstofustjóri útvarpsráðs bréf sem Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, hafði sent útvarpsráði þar sem hann tilkynnti að enginn frá Alþýðuflokknum myndi taka til máls við þetta tilefni. Fram kom að Stefán ætlaði ekki að misnota útvarpið á sama hátt og hinir flokkarnir, með ofríki og misrétti.<sup>165</sup> Yfirlýsingin var í takt við herkænsku stuðningsmanna Ásgeirs og með þessum skilaboðum náðu þeir enn betur að koma slagorði sínu, „Fólkið velur forsetann“, til skila til þjóðarinnar. Síðan talaði Bjarni Benediktsson, svo Ólafur Thors, Steingrímur Steinþórsson og Hermann Jónasson sem allir fluttu stuðningserindi fyrir Bjarna. Með þessu vildu þeir koma á framfæri skilaboðum til flokksmanna að kjósa Bjarna og gera fólki það fullljóst að Ásgeir væri ekki þeirra frambjóðandi, heldur væri hann frambjóðandi Alþýðuflokksins. Síðastur til að taka til máls í útvarpsmæðunum var formaður sósíalista, Einar Olgeirsson, sem sagði flokkinn standa fyrir utan þennan andstygga leik sem kosningarnar væru.<sup>166</sup>

Þegar útvarpsávörp forsetaefnanna voru rædd í blöðunum var umfjöllunin lituð af stuðningi þeirra við frambjóðendur sinna flokka, Bjarna og Ásgeir. Í *Morgunblaðinu* var Bjarna hælt í hástert fyrir sitt ávarp en Gísli og Ásgeir voru samkvæmt blaðamanni smekklausir að hafa deilt á stjórnarflokkana sem ekki hefðu viljað gera þá að sínum

---

<sup>164</sup> GS. Ræða Gísla Sveinssonar við forsetakjör 1952.

<sup>165</sup> „Ofríkið í algleymingi“, *Alþýðumaðurinn* 24. júní 1952, bls. 2; „Ósvífin misnotkun útvarpsins fyrirhuguð“, *Alþýðublaðið* 22. júní, 1952, bls. 1.

<sup>166</sup> „Ummæli Einars Olgeirssonar í útvarpsmæðunum“, *Þjóðviljinn* 27. júní 1952, bls. 1.

frambjóðendum. Gísli minntist á Þjóðarhátíðarhöldin þann 17. júní árið 1944 þar sem hann lék stórt hlutverk og Ásgeir minntist þess þegar hann talaði á Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930. Bæði Gísli og Ásgeir voru forsetar Alþingis á þessum tímamótaviðburðum. Í umfjöllunni var verið að hæðast að málflutningi þeirra: „Annar eignaði sér þúsund ára hátíðina en hinn lýðveldishátíðina!! Hvað segja Íslendingar um slíkan málflutning manna, sem vilja verða einingartákn þjóðar sinnar?“<sup>167</sup>

Stuðningsmenn Ásgeirs lýstu hins vegar yfir óánægju sinni með útvarpsumræðurnar, líkt og Stefán Jóhann. Í *Alþýðublaðinu* og *Alþýðumanninum* var lýst yfir hlutleysisbroti gagnvart stuðningsmönnum Gísla og Ásgeirs vegna þess að með umræðunum væri verið að koma í veg fyrir að þeir sem styddu ekki Bjarna gætu komið sinni skoðun á framfæri. Að vísu gat fulltrúi Alþýðuflokksins talað fyrir Ásgeir en Gísli átti sér engan málsvara á meðal flokkanna. Fulltrúi Alþýðuflokksins í útvarpsráði hafði lagt til að miðstjórnir stjórnarflokkanna, Frjáls samtök kjósenda og landsnefnd stuðningsmanna Ásgeirs fengju útvarpstíma í stað stjórn málaflokkanna. Þetta felldu sömu aðilar og buðu forystumönnum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins að taka þátt í umræðunum, fulltrúar stjórnarflokkanna og Sósíalístaflokksins í útvarpsráði.<sup>168</sup> Útvarpsráð samanstóð af fimm mönnum kjörnum af Alþingi.<sup>169</sup>

Í umfjöllun *Tímans* varðandi umræðurnar var fullyrt að það væri brotlegt að stuðningsmenn Ásgeirs hefðu gagnrýnt framgöngu stjórnarflokkanna og m.a. komið inn á það að fylgismenn Gísla fengu ekki aðgang að umræðunum, þar sem það stóð enginn flokkur á bakvið þá. Þar næst stóð:

Það er alveg nýtt, að Ásgeirsmenn beri Gísla Sveinsson þannig fyrir brjósti. Það var einmitt undirróður þeirra innan Sjálfstæðisflokksins, er kom í veg fyrir það, að samkomulag gæti orðið um Gísla Sveinsson, en annars hefði það mjög vel

<sup>167</sup> „Þjóðhöfðingja samboðið“, *Morgunblaðið* 28. júní 1952, bls. 1.

<sup>168</sup> „Ofríkið í algleymingi“, bls. 2; „Málstaður, sem kys sér þögnina“, *Alþýðublaðið* 25. júní 1952, bls. 4; „Alþýðuflokkurinn tekur engan þátt í flokkspólítískum útvarpsumræðum um forsetakjörið“, *Alþýðublaðið* 26. júní 1952, bls. 1, 7; „Nei Alþýðuflokksins“, *Alþýðublaðið* 27. júní 1952, bls. 1; Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 341-342.

<sup>169</sup> „Útvarpsráð“, *Alþýðublaðið* 27. júní 1952, bls. 8; Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson*, bls. 341-342.

getað komið til greina, þar sem Gísli Sveinsson hefir marga góða kosti til að bera sem forsetaefni og á að baki glæsilegan feril í sjálfstæðisbaráttunni.<sup>170</sup>

Sagt var að þar sem þeir hefðu eyðilagt samstarfið um Gísla væru þessar umræður Alþýðuflokksmanna aðeins hræsni og sýndarmennska. Hins vegar væri það kaldhæðni örlaganna að vonlaust framboð Gísla virtist auka sigurmöguleika Ásgeirs. Stuðningsmenn Gísla voru á sama máli, þeim fannst stjórnarflokkarnir vera að tryggja sigur Ásgeirs með því að bjóða fram Bjarna og hvetja fólk til þess að kjósa hann. Útvarpsumræðurnar voru í raun eina skiptið sem landsmenn gátu gert samanburð á forsetaefnunum.<sup>171</sup>

Í *Morgunblaðinu* var fjallað um að Gísli væri að hjálpa frambjóðanda Alþýðuflokksins. Fylgismenn Ásgeirs hafi reynt að telja honum trú um að hann ætti mikið fylgi víðsvegar um landið en að „allir heilskyggirnir menn vita þvert á móti að Gísli á sáralitlu fylgi að fagna og að framboð hans getur héðan af haft þá einu þýðingu að létta undir sundrunarstarfi Ásgeirs Ásgeirssonar.“<sup>172</sup>

Á öftustu síðunni, í sama blaði, stóð stórum stöfum eftirfarandi:

„Reykvíkingar!

Gísli Sveinssyni er nú ætlað það hlutverk, að dreifa atkvæðum Sjálfstæðismanna og hjálpa þannig frambjóðanda Alþýðuflokksins.

Framboð Gísla Sveinssonar verður því í reyndinni ekki fyrir hann sjálfan heldur fyrir Ásgeir Ásgeirsson.

Þeir kjósendur, sem kasta atkvæðum sínum á Gísla Sveinsson eru því að styðja Ásgeir og Alþýðuflokkinn.

Kjósið séra Bjarna Jónsson.“<sup>173</sup>

<sup>170</sup> „Útvarpsumræður flokkana“, *Tíminn* 27. júní 1952, bls. 3.

<sup>171</sup> „Útvarpsumræður flokkana“, *Tíminn* 27. júní 1952, bls. 3; „Molar“, *Frelsi* 13. júní 1952, bls. 4; Jón Aðalsteinn Jónsson, „Framboðin við forsetakjörið“, bls. 2

<sup>172</sup> „Hjálpar framboði Alþýðuflokksins“, *Morgunblaðið* 29. júní 1952, bls. 8.

<sup>173</sup> „Reykvíkingar!“, *Morgunblaðið* 29. júní 1952, bls. 12.

## 4. kafli

### Viðbrögð og úrslit kosninganna

#### **Þjóðkjörinn forseti með minna en helming atkvæða**

Loks kom að því að 29. júní rann upp, kjörstaðir opnuðu klukkan tíu um morguninn og voru einhverjir þeirra opnir fram yfir miðnætti. Frjáls samtök kjósenda birtu tilkynningu í *Frelsi* og *Þjóðviljanum* þar sem fram kom hvar skrifstofur stuðningsmanna Gísla voru staðsettar. Einnig voru kjósendur beðnir um að aðstoða hverja aðra við að komast á kjörstað þar sem kosningaskrifstofan hafði ekki umráð yfir mörgum bílum.<sup>174</sup> Stuðningsmenn Bjarna og Ásgeirs buðu upp á mun fleiri úrræði, s.s. akstur fyrir kjósendur og upplýsingamiðstöð. Að auki bauð kosningaskrifstofa Bjarna húsmæðrum upp á að þeim væri send aðstoð til að sjá um heimilið svo þær kæmst að kjósa.<sup>175</sup> Atkvæðin voru síðan talin 1. júlí og birti Ríkisútvarpið tölurnar um leið og þær bárust. Mikill áhugi var á kosningunum meðal landsmanna og fylgdust flestir með talningunni í útvarpinu. Hópur fólks stóð einnig fyrir utan skrifstofur *Morgunblaðsins* í Austurstræti og fylgdist með atkvæðatölum sem starfsmenn blaðsins birtu á sýningarspjöldum jafnóðum og tölurnar bárust, þrátt fyrir dimmviðri og slagveðursrigningu.<sup>176</sup>

Niðurstöðurnar urðu þær að Ásgeir Ásgeirsson var kjörinn forseti Íslands með 32.924 atkvæðum eða 48,3%. Séra Bjarni Jónsson fékk 31.045 atkvæði, 45,5%, og Gísli Sveinsson 4.255 atkvæði, 6,2%.<sup>177</sup> Kosningaþátttakan var 82% á landsvísu, þar af 85,2% hjá körlum og 78,9% meðal kvenna. Í Vestur-Skaftafellssýslu var

---

<sup>174</sup> „Kosningaskrifstofa stuðningsmanna Gísla Sveinssonar“, *Frelsi* 28. júní 1952, bls. 4;

„Tilkynning frá frjálsum samtökum kjósenda“, bls. 3.

<sup>175</sup> „Stuðningsmenn séra Bjarna Jónssonar“, *Morgunblaðið* 29. júní 1952, bls. 12; „Fólkið velur forsetann!“, *Forsetakjör* 27. júní 1952, bls. 3; „Fólkið velur forsetann!“, *Alþýðublaðið* 29. júní 1952, bls. 5.

<sup>176</sup> Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 11; Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 140; „Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti“, *Morgunblaðið* 2. júlí 1952, bls. 1-2; Hrafn Jökulsson, „Mesti sigur aldarinnar“, bls. 6.

<sup>177</sup> „Úrslit forsetakjörs eftir frambjóðendum og kjördæmum 1952-1996“, <[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_forsetakosningar/KOS07112.px/table/tableViewLayout1/?rxid=18e0fa2d-60a1-426e-9e4f-9ea635f22d5f](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__forsetakosningar/KOS07112.px/table/tableViewLayout1/?rxid=18e0fa2d-60a1-426e-9e4f-9ea635f22d5f)>, skoðað 13. október 2016; Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 11-12.

kosningabátttaka karla hæst á öllu landinu og mældist 93,1%. Í öllum kjördæmum nema Vestur-Ísafjarðarsýslu, kjördæmi Ásgeirs, var þátttaka karla meiri en kvenna.<sup>178</sup>

Gísli naut mikilla vinsælda í sínu heimahéraði enda veittu Vestur-Skaftfellingar, bæði heima fyrir og brottfluttir, honum langmestan stuðning í forsetakosningunum. Hann sigraði aðeins í þessu eina kjördæmi og það með miklum yfirburðum. Í Vestur-Skaftafellssýslu voru 883 manns á kjörskrá og 772 sem greiddu atkvæði. Gísli fékk 524 atkvæði, Ásgeir 131 atkvæði og Bjarni 96 atkvæði.<sup>179</sup>

Það er athyglisvert að skoða hvernig fylgi við þremmingana skiptist eftir kjördæmum. Ásgeir bar sigur af hólmi í öllum sjö kaupstöðum landsins, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Snæfellsnessýslu og í þremur kjördæmum í og við sína heimabyggð á Vestfjörðum vestanverðum. Séra Bjarni vann aftur á móti í hverju einasta kjördæmi á landsbyggðinni frá og með Strandasýslu, austur um land og suður, allt að Reykjanesskaganum. Eina undantekningin var kjördæmi Gísla, Vestur-Skaftafellssýsla. Auk þess sigraði Bjarni í Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu og Dalasýslu.<sup>180</sup>

Ljóst var á úrslitunum að flokksmenn fylgdu ekki allir fordæmi leiðtoga sinna. Óskar Jónsson sem árið 1952 var formaður Framsóknarfélagsins í Vík studdi til dæmis sinn heimamann, Gísla. Rétt fyrir kosningar hafði Óskar heyrt auglýst í útvarpinu að Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra og ritari Framsóknarflokksins, ætlaði að halda stuðningsfund fyrir séra Bjarna í Vík í Mýrdal. Daginn sem fundurinn átti að fara fram fór Óskar með syni sínum í bíltúr að Jökulsárbrú á Skógarsandi og stöðvaði bílinn fyrir framan brúnna, til þess að varna því að Eysteinn kæmist yfir. Þegar ráðherra mætti á staðinn sagði Óskar við hann: „Þú ferð ekki lengra. Hér skalt þú snúa við ef þú ætlar ekki að rústa fylgi Framsóknarflokksins í sýslunni.“<sup>181</sup> Eysteinn tók þessu að vonum ekki vel og áttu þeir orðaskipti í nokkurn tíma. Svo fór að lokum að ráðherrann snéri við og ók aftur til Reykjavík án þess að halda stuðningsfundinn.<sup>182</sup>

---

<sup>178</sup> „Kosningabátttaka við forsetakjör 1952-2016“,

<[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_kosningar\\_yfirlit/KOS02004.px/table/tableViewLayout1/?rxid=850c7b45-2145-4de2-abf8-41203dc86873](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_kosningar_yfirlit/KOS02004.px/table/tableViewLayout1/?rxid=850c7b45-2145-4de2-abf8-41203dc86873)>, skoðað 13. október 2016;

Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 5-6.

<sup>179</sup> Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 12, 20; Bjarni Guðmarsson, „Hvað þarf til að sigra?“, bls. 37.

<sup>180</sup> Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 12, 20.

<sup>181</sup> Elías Snæland Jónsson, *Möðruvallahreyfingin*, bls. 72.

<sup>182</sup> Elías Snæland Jónsson, *Möðruvallahreyfingin*, bls. 71-72.

Kristján Jónsson af Vestfjörðum, annar stuðningsmaður Framsóknarflokksins, studdi hinsvegar Ásgeir. Hann var ekki fylgjandi Ásgeiri í stjórnámálum og skrifaði grein í *Forsetakjör* þar sem hann skýrði frá sínu atkvæði og sagði m.a. eftirfarandi:

Gísli Sveinsson fékk undarlega lítinn hljómgrunn hér um slóðir og hefir hann þó óneitanlega mikil skilyrði til að takast á hendur forsetaembættið, með langan og farsælan embættisferil og umfram allt kunnáttu í svipuðum störfum og undir forsetann heyra og mikla þekkingu á löggjafamálum. - En þegar séra Bjarni kom til sögunnar var ekki um annað að ræða en að standa fast saman um Ásgeir Ásgeirsson. Enda sannfærast allir, sem ótruflaðir eru af flokkspólítískum áróðri að það er sjálfsgöðasta leiðin.<sup>183</sup>

## Viðbrögð fjölmiðla

Eftir að úrslitin voru orðin ljós, birtu fjölmiðlar greinar þar sem farið var yfir niðurstöðurnar. Ásgeir hafði aðeins 1.879 fleiri atkvæði en Bjarni og hélt *Morgunblaðið* því fram að atkvæði Gísla hefðu riðið baggamuninn.<sup>184</sup> Í umfjöllun *Tímans* kom einnig fram að Ásgeir hefði unnið með litlum mun en þess fyrir utan tjáðu framsóknarmenn sig ekki frekar um útkomuna.<sup>185</sup> Kosningavélar stjórnarflokkanna höfðu óvenju lítið að segja um forsetakjörið, ólíkt því hvernig málum var háttað fyrir kosningar. Úrslitin voru þeim vonbrigði og minntust sjálfstæðismenn á að niðurstaðan sýndi engan veginn þá þjóðareiningu sem mörgum landsmönnum fannst að ríkja ætti um forsetakjör.<sup>186</sup>

Þrátt fyrir að málöggn stjórnarflokkanna hafi nánast ekkert fjallað um kosningarnar eftir kjörið átti það sama ekki við hjá hinum flokkunum. Alþýðuflokksmenn voru sigri hrósandi og sögðu að fyrirskipanir og áróður Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar hefðu haft þveröfug áhrif og með sigri Ásgeirs hafi þjóðin

---

<sup>183</sup> Kristján Jónsson, „Þjóðarhreyfing um Ásgeir; flokksagi um séra Bjarna“, *Forsetakjör* 27. júní 1952, bls. 4-5.

<sup>184</sup> „Ásgeir Ásgeirsson kjörinn forseti“, *Morgunblaðið*, bls. 1.

<sup>185</sup> „Ásgeir Ásgeirsson kosinn forseti með aðeins 1883 atkv. meirihluta“, *Tíminn* 2. júlí 1952, bls. 1; „Ásgeir Ásgeirsson var kjörinn forseti Íslands á sunnudaginn“, *Dagur* 2. júlí 1952, bls. 1.

<sup>186</sup> „Eftir forsetakosningarnar“, *Íslendingur* 9. júlí 1952, bls. 4.



fordæmt aðferðir þeirra í kringum forsetakjörið.<sup>187</sup> Í *Alþýðumanninum*, málgagnir Alþýðuflokksins á Akureyri, stóð eftirfarandi:

Þjóðin varpaði öllum flokkssjónarmiðum fyrir borð og kaus hæfasta frambjóðandann. Ofríki flokksforingja, hatrammur blaðaáróður og misbeiting útvarpsins gegn kjöri hans megnaði ekki að rugla dómgreind almennings. Slíkt er þjóðarsómi.<sup>188</sup>

Sósíalistar héldu því óspart fram að sigur Ásgeirs væri tilkominn vegna óvinsælda sitjandi ríkisstjórnar og með kosningunum hefði þjóðin sýnt fram á að hún vildi ekki vera handbendi stjórnvalda. Þeim fannst margt hafa verið líkt í kosningabaráttunni hjá stuðningsmönnum Ásgeirs og Bjarna en þó hafi verið sá munur á, að forystumenn stjórnarflokkanna áttuðu sig ekki á viðhorfi þjóðarinnar og fældu menn frá því að styðja Bjarna.<sup>189</sup>

Gísli og Bjarni voru með þeim fyrstu til að senda Ásgeiri heillaskeyti. Margir forystumenn stjórnmalanna sendu einnig nýja forsetanum skeyti með kveðjum þó svo fæstir þeirra hafi verið stuðningsmenn hans í kosningabaráttunni. En vert er að geta þess að hvorki Ólafur Thors né Hermann Jónasson voru í þeim hópi.<sup>190</sup>

Blaðamenn *Vísis* og *Þjóðviljans* óskuðu eftir viðtölum varðandi kosningaúrslitin við alla frambjóðendurna en hvorki Ásgeir né Bjarni vildu veita viðtal.<sup>191</sup> Gísli, aftur á móti, hitti á blaðamann *Vísis* og ræddi úrslitin. Gísli sagði m.a. eftirfarandi:

Ef ég er spurður þess, hvað ég segi um úrslitin í forsetakjörinu, þá er fyrst það að segja um stjórnarflokkana eftir öll þessi ólæti, að „það sem að helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann“, eins og Pílatus forðum. Mega þeir nú sjálfum sér um kenna, ef þeir eru ekki ánægðir. Þeim tókst að fæla frá mér fylgið svo

<sup>187</sup> „Þjóðin valdi forsetann“, *Skutull* 4. júlí 1952, bls. 1; „Úrslit forsetakjörsins“, *Skutull* 4. júlí 1952, bls. 2; „Hinn nýkjörni forseti“, *Alþýðublaðið* 2. júlí 1952, bls. 1, 8.

<sup>188</sup> „Stórathyglisverður sigur lýðræðis“, *Alþýðumaðurinn* 2. júlí 1952, bls. 1.

<sup>189</sup> „Nær og fjær“, *Verkamaðurinn* 4. júlí 1952, bls. 1, 3; „Úrslit forsetakjörsins á sunnudaginn“, *Nýi tíminn* 3. júlí 1952, bls. 7; „Úrslit forsetakjörsins á sunnudaginn“, *Þjóðviljinn* 2. júlí 1952, bls. 1.

<sup>190</sup> Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 144; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 247.

<sup>191</sup> „Enginn vildi segja neitt“, *Þjóðviljinn* 2. júlí 1952, bls. 1.

greinilega sem raun varð á. Í sumum héruðum var atkvæðatölunni alveg snúið við og þar fram eftir götunum. Ber það vott um „dugnað“ flokkaofstækismannanna, en ekki að sama skapi um myndarskap fólksins, sem lét hafa sig til þessa. Það voru yfirleitt í landinu aðeins jötnar, sem þoldu þann óminnisdrykk, enda hefðu þeir aldrei gengið stjórnarliðinu á hönd.<sup>192</sup>

Gísli sagði einnig að hann léti sér úrslitin lynda og stæði jafnréttur eftir þau, almenningur hefði verið látinn tala. Hann óskaði Ásgeiri góðs gengis og sagðist vera fullviss um að hann yrði góður forseti.<sup>193</sup>

---

<sup>192</sup> „Viðhorf frambjóðenda að kosningum afstöðnum“, *Vísir* 2. júlí 1952, bls. 1.

<sup>193</sup> „Viðhorf frambjóðenda að kosningum afstöðnum“, bls. 1.

## 5. kafli

### Hvers vegna fékk Gísli ekki meira fylgi?

#### Kænska Ásgeirsmanna

Gísli skrifaði grein í *Eimreiðina* árið 1909 þar sem hann sagði m.a.:

Á sjálfstæðismönnum hvílir sú skylda, að vinna í hvívetna og einbeitt að því, að sjálfstæðistakmarkinu verði sem fyrst náð. Því hafa þeir og heitið þjóðinni og til þessa hefir hún kosið þá á þing. En á herðum þeirra hvílir líka sú skyldan - á meðan þeir halda nafninu - að sýna sig í sannleika andlega sjálfstæða menn, vera það, hver um sig og allir saman, og hoga hvergi!<sup>194</sup>

Stefna og hugsjónir núverandi Sjálfstæðisflokks voru settar fram árið 1929 sem tvö meginatriði: „annars vegar að ná fullu sjálfstæði fyrir þjóðina og hins vegar að tryggja sjálfstæði og sjálfræði einstaklinganna.“<sup>195</sup> Segja má að sú nálgun sem flokkurinn tók í fyrstu forsetakosningum þjóðarinnar hafi ekki verið í takt við einstaklingsfrelsið, grundvöll sjálfstæðisstefnunnar.<sup>196</sup> Það reyndist einmitt vera helsta vopn fylgjenda Ásgeirs í kosningabaráttunni. Ólíkt málögnum stjórnarflokkanna, fjölluðu blöð Alþýðuflokksins og *Forsetakjör* ekki um það að fylgja ætti flokksforystunni heldur væri þjóðin fær um að hugsa fyrir sig sjálf. Vissulega reyndu þeir að fá fólk í lið með Ásgeiri en á allt annan hátt. Stuðningsmenn hans nýttu sér ofríki stjórnarflokkanna í kosningabaráttunni og töluðu óspart um „flokkaáróður“ og „flokka Vald“.<sup>197</sup> Sjálfstæðismenn héldu því uppi að forsetinn hefði mikið pólitískt vald og gæti þess vegna ekki verið stjórnmalamaður. Þar bar hæst að það væri að miklu leyti undir forsetanum komið hvaða flokk hann ákveddi að velja til stjórnarmyndunar. Hann gæti ekki sinnt starfi sínu nema með því að njóta trausts forystumanna flokkanna. Þeir

<sup>194</sup> Gísli Sveinsson, „Stjórnin og sjálfstæðismálið“, bls. 179.

<sup>195</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 245; Geir Hallgrímsson, „Sjálfstæðisflokkurinn, saga hans og meginstefna“, bls. 299; *GS*. Ræða Gísla Sveinssonar við forsetakjör 1952.

<sup>196</sup> „Sjálfstæðisstefnan“, <<http://xd.is/um-flokkinn/sjalfstaedisstefnan-2/>>, skoðað 29. júlí 2017.

<sup>197</sup> „Kosið um menn - ekki um stefnur“, *Alþýðublaðið* 28. maí 1952, bls. 4.

vöruðu landsmenn við því að hlusta á áróðursbrögð og furðuðu sig á framboði Alþýðuflokksins, þar sem frambjóðandi flokks með minnsta fylgið, myndi stuðla að sundrunu á meðal þjóðarinnar.<sup>198</sup> Sem víðtækust þjóðareining væri mikilvægust um Bjarna, enginn annar kæmi til greina.<sup>199</sup>

Gunnar Thoroddsen sagði í ræðu daginn fyrir kjördag: „Flest okkar eru í flokki. Það er gott að vera góðir flokksmenn, en flokksþrælar viljum vér aldrei vera. Ef flokksforingjarnir sigra, þá er það sigur flokkavaldsins. Flokksfjötrar verða reyrðir enn fastar, flokksaginn hertur.“<sup>200</sup>

Stuðningur Gunnars var mikill fengur fyrir Ásgeir og hefur því verið haldið fram að hans þáttur í kosningabaráttunni hafi orðið til þess að tryggja Ásgeiri sigur. Flestir sjálfstæðismenn sem störfuðu við framboð Ásgeirs gerðu það fyrir tilstuðlan Gunnars og eignuðu þeir sér að miklu leyti kosningavélar flokksins í Reykjavík. Það margborgaði sig enda átti borgin að vera höfuðvígi séra Bjarna.<sup>201</sup> Í viðtalsbók Ólafs Ragnarssonar ræddi Gunnar um kjörið og sagði eftirfarandi um Gísla: „Gísli Sveinsson kom að vonum oft til orða. Hann var mætur maður og okkur var mjög vel til vina. Þótt ég styddi Ásgeir hafði það engin áhrif á samband okkar og vináttu. Gísli skildi það mæta vel.“<sup>202</sup>

Óhætt er að fullyrða að ef að valið hefði eingöngu staðið á milli Gísla og Ásgeirs hefði Ólafur Thors frekar stutt Ásgeir og eindregið hvatt flokk sinn til þess sama.<sup>203</sup> Bjarni Benediktsson skrifaði í *Andvara* árið 1966 að þótt flestir hefðu talið „Gísla manna ljúfastan og léttastan í tali, þá ætti hann einnig til slíkt yfirlæti að ekki hefði æðsta manni þjóðarinnar.“<sup>204</sup> Þó er talið víst að andúð forystumanna Sjálfstæðisflokksins á Gísla hafi komið til vegna pólitískra deilna en ekki vegna skapgerðar hans.<sup>205</sup> Vert er að taka fram að það sama átti við um Gunnar Thoroddsen

---

<sup>198</sup> „Þjóðin verður öll að geta treyst forseta sínum“, *Morgunblaðið* 27. maí 1952, bls. 1-2.

<sup>199</sup> „Sumargjöf til fósturjarðarinnar“, *Siglfirðingur* 30. maí 1952, bls. 1; „Ávarp til kjósenda“, *Fylkir* 28. júní 1952, bls. 1.

<sup>200</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 93-96.

<sup>201</sup> „Báðir harðduglegir í skóla - báðir urðu þeir semidúxar“, *Forsetakynning* 17. maí 1968, bls. 2; Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 142; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 242, 248.

<sup>202</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 83.

<sup>203</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 19. febrúar og 28. febrúar 1952; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 47; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 225.

<sup>204</sup> Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 46.

<sup>205</sup> Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 126.

eftir kosningabaráttuna, hann brást flokknum að mati forystunnar og eftir það fékk hann ekki uppreisn æru meðal margra innan Sjálfstæðisflokksins.<sup>206</sup>

Í bók Matthíasar Johannessens um Ólaf Thors kemur fram að enginn vafi sé á því að forysta Sjálfstæðisflokksins stóð „ekki sízt að framboði séra Bjarna til að koma í veg fyrir, að Gísli Sveinsson byði sig fram.“<sup>207</sup> Matthías sagði ennfremur að þetta hefði hann fengið staðfest hjá varaformanninum, Bjarna Benediktssyni.<sup>208</sup>

Fyrir kosningar hafði Ólafur hæðst að forsetadraumum Gísla m.a. við Thor Thors og Gunnar Thoroddsen.<sup>209</sup> Orð flokksformannsins vógu þungt enda hafði hann í gegnum tíðina margreynt það, að með fortölum og kænsku væri hægt að leiða menn jafnvel feti lengra en þeim var kært í ýmsum málefnum. Ólafur hafði oftast nær notið persónulegrar velvildar og hollustu allra þingmanna flokksins, eins og sást t.d. á formannskosningum innan flokksins.<sup>210</sup>

Frambjóðandi stjórnarflokkanna, séra Bjarni, var við fyrstu sýn talinn líklegastur til að verða næsti forseti Íslands, enda réðu þeir flokkar að miklu leyti yfir blaðamarkaðnum og höfðu stuðning u.þ.b. 70% landsmanna. Í síðustu alþingiskosningum fyrir kjörið, árið 1949, hafði Sjálfstæðisflokkurinn fengið 39,5% atkvæða og Framsóknarflokkurinn 24,5%. Þeir voru því í miklum meirihluta á þingi með samtals 36 menn á meðan Alþýðuflokkurinn var með 7 menn og Sósíalístaflokkurinn 9 menn.<sup>211</sup>

Útkoma forsetakosninganna var stjórnarflokkunum mikið áfall og íhugaði Steingrímur, forsætisráðherra, að biðjast lausnar. Hann bar það undir sinn flokk sem var gegn því að hann segði af sér. Steingrímur ritaði m.a. í æviminningum sínum:

Afhroðið sem ríkisstjórnin galt í forsetakosningunum sagði enn lengi til sín, einkum síðustu mánuði ársins 1952. Þótt öll störf gengju nokkurn veginn

---

<sup>206</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 235.

<sup>207</sup> Matthías Johannessen, *Ólafur Thors II*, bls. 218.

<sup>208</sup> Matthías Johannessen, *Ólafur Thors II*, bls. 218; Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökullsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*, bls. 130.

<sup>209</sup> *ÓT*. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 28. febrúar og 18. apríl 1952; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 225.

<sup>210</sup> Árni Jónsson, *Þjóðstjórnarannáll*, bls. 8; Matthías Johannessen, *Ólafur Thors II*, bls. 218.

<sup>211</sup> Hagskýrslur Íslands I, 129. hefti, bls. 14, 16; Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, bls. 42.

eðlilega hjá okkur í ríkisstjórninni, greri þó aldrei fyllilega um heilt eftir það áfall.<sup>212</sup>

## Stuðningsmenn Gísla

Gísli og stuðningsmenn hans höfðu óspart orð á því að margir sem upprunalega ætluðu sér að styðja hann hefðu greinilega skipt um skoðun. Guðmundur Hjaltason, stýrimaður, birti grein í *Frelsi* fyrir kosningar þar sem hann sagði fjölda manns hafa viðurkennt fyrir sér að þeir myndu vilja hafa Gísla sem forseta en þeir teldu það gagnslítið að styðja hann. Sumir voru smeykir um að ef þeir kysu ekki séra Bjarna og Ásgeir kæmist að, myndi pólitískur glundroði myndast og þeir sem voru á öndverðum meiði, höfðu áhyggjur af því að sama lognmollan héldist í pólitíkinni ef Bjarni hefði betur. Af þeim orðum að dæma hafði afstaða landsmanna til ríkisstjórnarinnar hafði töluverð áhrif á val kjósenda.<sup>213</sup>

Tæplega ári eftir kosningar, í maí árið 1953, birtist grein í *Tímanum* eftir Jón Björnsson og Jón Aðalstein Jónsson, stuðningsmenn Gísla. Greinin sjálf er mjög áhugaverð og með henni fylgdi einnig athyglisverð orðsending frá talsmönnum *Tímans* þar sem fram kom að ritstjórnin hafi ákveðið að birta þessa grein vegna þess að stuðningsmenn Gísla hafi ekki haft aðgang að blöðum til að greina frá áliti sínu á forsetakjörinu fyrr en nú, ólíkt hinum tveimur frambjóðendum. Talsmenn *Tímans* tóku það fram að þeir væru ósammála greinarhöfundum um ýmislegt en staðfestu aftur á móti að margir framsóknarmenn hefðu vel getað hugsað sér að styðja Gísla til forseta, þangað til það varð ljóst að það næðist ekki samkomulag um hann. Þá hafi verið farið að leita eftir öðrum frambjóðanda. Þeir voru að vona að Bjarni gæti orðið sameiningartákn þjóðarinnar og eftir að það náðist samhugur um hann hjá Sjálfstæðisflokknum hefðu þeir lýst yfir fylgi við hann. Seinna meir hefðu þeir ekki getað gengið bak orða sinna. Aðalmálið hefði verið að ná samkomulagi og skapa frið um forsetann frá upphafi.<sup>214</sup>

Stuðningsmenn Gísla sögðu í greininni að það hefði komið fljótt í ljós að séra Bjarni ætti engu sjálfstæðu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar. Þeir töluðu um þá ósvífni

---

<sup>212</sup> „Aldarminning Steingrímur Steinþórsson“, bls. 7.

<sup>213</sup> Guðmundur Hjaltason, „Tryggjum sigur Gísla Sveinssonar“, *Frelsi* 28. júní 1952, bls. 2.

<sup>214</sup> Jón Björnsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, „Eftirmáli forsetakjörsins“, *Tíminn* 16. maí 1953, bls. 4.

sem beitt var í kjörinu og fyrirlitningu á rétti einstaklingsins til þess að mynda sér sjálfstæða skoðun. Þeir sögðust ekki þurfa að fara frekar út í þá sálma þar sem kjörið væri landsmönnum enn mjög minnisstætt. Enn fremur töldu þeir úrslitin hafa valdið því að valdamenn hlytu að hafa lært af þeim og væntu þeir þess að sams konar aðferðir yrðu aldrei endurteknar á Íslandi.<sup>215</sup>

Stuðningsmennirnir hörmuðu að vandamál stjórnarflokkanna varðandi forsetaaval fyrir kosningar hefði ekki verið leyst með stuðningi við Gísla, þegar ljóst var að það næðist ekki samkomulag um Ásgeir. Þeim fannst það liggja fullljóst fyrir að ef að einungis Gísli og Ásgeir hefðu verið í kjöri hefði framboð Ásgeirs verið í meiri hættu en raun var. Þeir fullyrtu að flestir Íslendingar viðurkenndu að ef svo hefði farið, hefði Gísli fengið yfirgnæfandi meirihluta þeirra atkvæða sem Bjarni fékk. Einnig hefði hann fengið töluvert af þeim atkvæðum sem Ásgeir fékk, m.a. atkvæði þeirra sjálfstæðismanna sem kusu Ásgeir til að mótmæla yfirgangi leiðtoga flokksins. Þar af leiðandi væru það ekki ýkjur þegar því væri haldið fram að forystumenn flokkanna hafi með áróðri í kosningabaráttunni hreinlega stuðlað að kosningu Ásgeirs. Framferði stjórnarflokkanna í forsetakjörinu ætti eftir að halda áfram að vekja furðu landsmanna í lengri tíma. Þeir vildu með greininni koma á framfæri undrun fylgjenda Gísla íaráttunni á framkomu forystumanna Sjálfstæðisflokksins þar sem frá sjónarmiði flokksins hefði hann átt að vera sjálfsgæður í þetta embætti. Í staðinn hafi leiðtogar flokksins gert allt sem í þeirra valdi stóð til þess að koma í veg fyrir að hann yrði kjörinn: „Virðist jafnvel svo, sem það hafi verið eina áhugamál þeirra allt til enda.“<sup>216</sup>

Þeir komu inn á að fjöldi framsóknarmanna hafi hallast að stuðningi við Gísla en að sögn þeirra sem til þekktu hafi verið „leikinn slíkur skollaleikur af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem fá eða engin dæmi eru til um” en þau hafi átt að koma í veg fyrir framboð Gísla Sveinssonar.

Samkvæmt þeim átti Gísli öruggt fylgi bæði sjálfstæðis- og framsóknarmanna, hvaðanæva af landinu, jafnvel í heilu héruðunum, áður en kosningabarátta stjórnarflokkana hófst. Forsetakjörið hefði haft meira en eina hlið og þar af leiðandi fannst þeim mikilvægt að koma þessari hlið á framfæri það sem hún hafði lítið sem ekkert verið rædd.<sup>217</sup>

---

<sup>215</sup> Jón Björnsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, „Eftirmáli forsetakjörsins“, bls. 4.

<sup>216</sup> Jón Björnsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, „Eftirmáli forsetakjörsins“, bls. 4.

<sup>217</sup> Jón Björnsson og Jón Aðalsteinn Jónsson, „Eftirmáli forsetakjörsins“, bls. 4, 6.

Í kringum kosningarnar voru orð Árna Jónssonar frá Múla: „Blindur er blaðlaus maður“<sup>218</sup> mjög viðeigandi enda gat þjóðin fylgst mun betur en áður með því sem átti sér stað innanlands fyrir tilstilli blaða og útvarps. Margir Íslendingar höfðu aðeins efni á að kaupa eitt dagblað og sáu þar af leiðandi eingöngu eina hlið á málunum. Í október 1952 sendi Gísli bréf til stjórnar Blaðamannafélags Íslands þar sem stóð m.a.:

Ég hef undanfarið verið að hlera eftir því hvort nokkuð heyrðist frá Blaðamannafélagi Íslands um aðfarir þær, sem sum blöð hér höfðu í frammi við forsetakjörið í sumar, en hef ekki ennþá orðið neins var í því efni. Þætti mér, og sjálfsagt mörgum öðrum, þó næsta fróðlegt að heyra hvort þetta félag myndi ekki telja það hæfa hlutverki sínu að láta í ljós álit sitt á því hvernig blöð stærstu stjórnsmálaflókka landsins ræktu við þetta tækifæri skyldurnar við prentfrelsi, málfrelsi og skoðanafrelsi í þess lýðræðislandi sem Ísland telst að sjálfsögðu vera.<sup>219</sup>

Hann kom einnig inn á í bréfinu að í blöðunum hefðu ekki fengist birt meðmæli eða réttar skýringar á framboði hans til forseta og að *Morgunblaðið* hafi ekki einu sinni viljað birta einfalda auglýsingu, gegn borgun, um skrifstofu stuðningsmanna hans. Gísli bað Blaðamannafélagið að taka þetta til athugunar en fékk það svar að félagið gæti ekki setið í dómarasæti yfir blöðunum eða þeirra skrifum.<sup>220</sup>

## Kosningar um mann eða flokk?

Umhugsunarvert er að skoða tölur úr forsetakosningunum með tilliti til atkvæðamagns flokkanna í alþingiskosningum árið 1949. Í Vestur-Skaftafellssýslu voru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn næstum hnífjafnir, með fimm atkvæða mun. Bæði sjálfstæðis- og framsóknarmenn studdu Gísla í sýslunni og unnu að framboði hans, jafnvel þeir sem höfðu áður unnið gegn honum í stjórnámálum. Auk þess bjó Gísli að ættarfylgi þaðan.<sup>221</sup> Þær ættir sem Gísli var kominn af höfðu þó dreifst um allt land, einkum um Suðurland og Skaftafellssýslur. Þau kjördæmi sem Ásgeir vann

<sup>218</sup> Árni Jónsson, *Þjóðstjórnarannáll*, bls. 24.

<sup>219</sup> Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*, bls. 275.

<sup>220</sup> Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir!*, bls. 276.

<sup>221</sup> Viðtal höfundar við Sigþór Sigurðsson 4. apríl 2017 og Þórð Tómasson 4. apríl 2017.



höfðu mestmegnis verið sigruð af Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum. Aftur á móti höfðu framsóknarmenn betur í þrettán af kjördæmunum sem Bjarni sigraði og Sjálfstæðisflokkurinn í tveimur þeirra.<sup>222</sup>

Þegar horft er til hvar Gísli fékk flest atkvæði hlutfallslega á eftir Vestur-Skaftafellssýslu, miðað við hin kjördæmin, var það í Austur-Skaftafellssýslu, Mýrarsýslu og Árnassýslu. Framsóknarflokkurinn sigraði þessi þrjú kjördæmi og Sjálfstæðisflokkurinn fylgdi í kjölfarið í alþingiskosningunum árið 1949.<sup>223</sup>

Flokksböndin riðluðust augljóslega í kosningunum en af þessum tölum að dæma er greinilegt að framsóknarmenn virðast frekar hafa fylgt flokksforystunni, ólíkt mörgum sjálfstæðismönnum sem kusu Ásgeir. Samt sem áður höfðu forystumenn Framsóknarflokksins heyrt á flokksmönnum fyrir kosningar að framboð Bjarna væri ekki vinsælt. Miklu máli skipti að Ásgeir vann kaupstaðina og fékk þar á meðal 50% atkvæða í Reykjavík á meðan Bjarni fékk 39,3% og Gísli 6,9% atkvæða.<sup>224</sup> Flokksmenn sósíalista völdu sér ekki einhuga forseta eins og hinir flokkarnir en líklega studdu flestir þeirra Ásgeir.<sup>225</sup> Nokkrir stuðningsmenn sósíalista birtu, fyrir kjörið, yfirlýsingu í *Forsetakjöri* þar sem fram kom að kjósendum flokksins þætti hlutleysi óljúft og gáfu þeir í skyn að þeir ætluðu sér að kjósa Ásgeir.<sup>226</sup>

Í rannsóknum tengdum stjórnámálum hefur komið í ljós að tengsl frambjóðanda við stjórnmalaflokka hefur veruleg áhrif á afstöðu kjósenda þegar þeir gera upp hug sinn varðandi kosningar. Ef að þeir sem eru í framboði eru ótengdir stjórnmalaflokkum eða gera lítið úr tengslum sínum við þá geta kjósendur átt í erfiðleikum með að gera sér grein fyrir því fyrir hvað frambjóðendur standa.<sup>227</sup>

Þó nokkuð hefur verið rætt um hverjar málalyktir í kosningunum hefðu orðið ef að Gísli hefði ákveðið að draga sig í hlé. Auðsætt var að sigurveonir hans voru úti eftir að framboð Bjarna kom í ljós og ef hann hefði stigið til hliðar hefði niðurstaðan tvímælalaust orðið önnur. Hann hvarf, óverðskuldað, í skuggann af kosningabaráttu

<sup>222</sup> Hagskýrslur Íslands I, 129. hefti, bls. 14; Óskar J. Þorláksson, „100 ára minning Gísla Sveinssonar, sýslumanns, þingmanns og sendiherra“, bls. 2.

<sup>223</sup> Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 12; Hagskýrslur Íslands I, 129. hefti, bls. 14.

<sup>224</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 239; Hagskýrslur Íslands II, 5. hefti, bls. 12, 19-20; Hrafn Jökullsson, „Mesti sigur aldarinnar“, bls. 6.

<sup>225</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir*, bls. 104; Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 248.

<sup>226</sup> Gestur Þorgrímsson o.fl., „Yfirlýsing“, *Forsetakjör* 27. júní 1952, bls. 5.

<sup>227</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason, Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa?“, bls. 223.

hinna tveggja. Það er því engin spurning að þátttaka Gísla í kosningunum hafði áhrif á úrslitin. Ef að valið hefði eingöngu staðið á milli Ásgeirs og Bjarna hefði annar þeirra fengið hreinan meirihluta kjósenda að baki sér.

Í kosningunum var þjóðin að kjósa um mann en ekki flokk. Fulltrúi stjórnarflokkanna fékk færri atkvæði en þeir höfðu reiknað með en þrátt fyrir það gátu flokkarnir treyst á að eiga ákveðinn fylgjendahóp sama hvað dundi á. Í viðtalsbók Ólafs Ragnarssonar minntist Gunnar Thoroddsen þess að til væru ýmis dæmi úr stjórnmálasögunni sem lýstu vel því yfirþyrmandi flokkslega viðhorfi sem viðgengst og tók sem dæmi myndun Þjóðstjórnarinnar árið 1939. Hann sagði m.a. eftirfarandi:

Í Sjálfstæðisflokknum væru til menn, sem heimtuðu harðan flokksaga og krefðust skilyrðislausrar hlýðni flokksmanna. Sumir þeirra notuðu flokksræðið sem tæki til þess að fá sitt fram, sumir væru sannfærðir um, að flokkurinn og ákvarðanir hans ættu alltaf að vera númer eitt. Önnur sjónarmið kæmu á eftir í röðinni.<sup>228</sup>

Mikið var einnig til í skrifum Einars Olgeirsson þar sem hann sagði raunveruleg völd flestra flokka hafa færst til sárafarra manna innan flokkanna. Þetta fannst honum sérlega athyglisvert innan Sjálfstæðisflokksins þegar komið var fram á sjötta áratug síðustu aldar. Þar réðu leiðtogarnir og flokkurinn var einatt hlýðinn og eftirgefanlegur gagnvart þeim.<sup>229</sup>

Flokkslegar skyldur voru m.a. að kaupa og lesa flokksblöðin, sækja flokksfundi og styðja frambjóðendur flokksins. Flokksmenn lögðu meira að segja gjarnan á sig nokkurra daga ferðalag til þess að sækja flokksfund í sínu kjördæmi.<sup>230</sup>

Stuðningsmenn Gísla voru nær alfarið sjálfstæðis- og framsóknarmenn.<sup>231</sup> Trúlega hefði megnið af hans atkvæðum frekar farið til Bjarna heldur en Ásgeirs ef Gísli hefði dregið framboð sitt til baka. Bjarni hefði ekki þurft nema minnihlutakosningu í Reykjavík, svo fremi sem hann hefði fengið þau atkvæði er Gísli hlaut þar, til þess að sigra og verða annar forseti Íslands.

---

<sup>228</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, bls. 230.

<sup>229</sup> Einar Olgeirsson, „Sósíalismi og samfylking“, bls. 248.

<sup>230</sup> Gísli Brynjólfsson, „Stjórnmálaflokkarnir og stuðningur þeirra við kirkjuna“, bls. 73-74.

<sup>231</sup> *GS*. Ræða Gísla Sveinssonar við forsetakjör 1952.

## Niðurstöður

Gísli Sveinsson var þátttakandi í íslenskum stjórnámálum í nær hálfa öld og átti Ísland og málefni landsins hug hans og hjarta alla tíð. Hann var vel menntaður og hafði búið á ýmsum stöðum, bæði innanlands og utan. Hann gerðist snemma harður skilnaðarmaður og var sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar honum mjög hugleikin. Embættismañaferil sinn hóf hann á þrítugsaldri og áratug síðar kusu Vestur-Skaftfellingar hann á þing. Stuttu seinna gerðist hann einnig sýslumaður á sínum heimaslóðum. Þar vann hann ötullega að framfaramálum, var frumkvöðull og dugnaðarforkur mikill. Hann var samviskusamur embættismaður sem setti mikinn svip á umhverfi sitt og sinnti mönnum og málefnum í sýslunni af alúð. Gísli vakti athygli fyrir reisu og myndarskap og er óhætt að fullyrða að hann hafi látið verkin tala, samanber þær umbætur sem hann átti þátt í að koma á í sinni heimabyggð.

Síðustu árin á Alþingi sinnti hann starfi forseta sameinaðs þings og upplifði hann það sem hápunkt ferils síns er hann lýsti yfir að Ísland væri orðið lýðveldi 17. júní 1944. Hann lét af þingmennsku þegar hann tók við stöðu sendiherra í Noregi árið 1947.

Gísli var fylginn sér og eftir farsælan feril var það hans persónulega áskorun að taka að sér að verða fyrsti þjóðkjörni forseti Íslendinga. Hann taldi sig hafa meira fylgi og betra bakland en raun varð á, sér í lagi frá Sjálfstæðisflokknum. Það voru ákveðnir áhrifavaldar í íslensku stjórnmalalífi sem brugðust vonum hans og einhverjir stuðningsmanna hans skiptu um skoðun eftir að hann hafði gefið kost á sér. Forsetaframboðið snérist því í höndum hans.

Tryggustu fylgjendur Gísla í kosningunum voru sveitungar hans, ættmenn og vinir. Í því samhengi er vert að minnst þeirrar staðhæfingar Kristjáns Guðlaugssonar, ritsjóra *Vísis*, að þeir sem þekktu Gísla best, mátu hann mest, að verðleikum.

Í kjörinu höfðu Gísli og fylgjendur hans ekki bolmagn á við Ásgeir og Bjarna varðandi kosningavélar og aðgengi að eyrum landsmanna. Kosningabaráttan þeirra beggja var skipulögð í gegnum valda- og áhrifataeki þjóðfélagsins sem stuðningsmenn þeirra stjórnðu alfarið.

Því má velja fyrir sér hvort landsmenn hafi í raun og veru haft fullt frelsi til þess að velja sér forseta? Einfalda svarið er já, en vitaskuld höfðu stjórnmalaflokkar og

fjölmiðlar áhrif á þá sem enn voru að móta sér skoðun. Sjálfstæðismenn vildu fá viðráðanlegan forseta og það hafði sýnt sig á árum áður að Gísli uppfyllti þau skilyrði ekki, hann var umdeildur enda fylginn sér. Vald og áhrif flokkanna var allmikið og fylgdu flokkarnir og fylgjendur þeirra iðulega ákvörðunum leiðtoga sinna. Rannsóknir í stjórnmálafræði hafa sýnt fram á að flokkpólítísk afstaða hefur áhrif á viðhorf kjósenda og að þeir eigi erfitt með að átta sig á, fyrir hvað frambjóðendur standa ef þeir gera lítið úr tengslum sínum við stjórnmálaflokka. Einnig er vert að minnast þess að afstaða landsmanna til ríkisstjórna hefur oft áhrif á úrslit þjóðaratkvæðagreiðslna þar sem almenningur hefur þann vettvang til að gefa skilaboð um annað en varðar kosningar beinlínis. Gott dæmi um það er að í forsetakosningunum 1952 voru einhverjir sem kusu Ásgeir til að mótmæla stjórnarflokkunum og gerðist hann forsvarsmaður þeirra sem vildu andmæla valdi flokkanna og forystumanna þeirra.

Eftir að ljóst var að séra Bjarni gæfi kost á sér átti Gísli ekki lengur möguleika á sigri og hikuðu fjölmiðlar ekki við að nýta sér þá staðreynd í kosningabaráttunni. Málöggn flokkanna hvöttu þjóðina til að kasta ekki atkvæði sínu á glæ með því að kjósa hann. Sjálfstæðisflokkurinn gekk svo langt að halda því fram í *Morgunblaðinu* að framboð Gísla væri í raun fyrir Ásgeir og með því að kjósa Gísla væri fólk að styðja Alþýðuflokkinn og þar með Ásgeir. Stuðningsmönnum Gísla fannst aftur á móti stjórnarflokkarnir stuðla að sigri Ásgeirs með því að bjóða séra Bjarna fram. Það var ekki mikið minnst á Gísla í fjölmiðlum en ef svo bar undir urðu hinir tveir aðalumfjöllunarefnið.

Fylgjendur Gísla vöktu máls á því að Sjálfstæðisflokkurinn hefði reynt að koma í veg fyrir að Gísli yrði í kjöri með ýmsum leiðum, eins og því að reyna að koma í veg fyrir að hann næði tilskyldum meðmælendafjölda. Einnig hafði Bjarni Benediktsson staðfest að með framboði séra Bjarna væri verið að koma í veg fyrir að Gísli yrði forseti.

Vert er að koma inn á aðrar stjórnmálafræðirannsóknir sem varða einfalda meirihlutakosningu, eins og notast er við í forsetakosningum á Íslandi. Samkvæmt þeim rannsóknum má ætla að kjósendur velji þann frambjóðanda sem þeim líkar skást við, af þeim sem eiga meiri möguleika á að vinna, heldur en að bruðla sínu atkvæði á þann frambjóðanda sem þeir hafa ekki trú að geti náð kjöri, þó svo að kjósandanum lítist best

á þann aðila. Þessi rannsókn gæti skýrt að hluta til hvers vegna Gísli hlaut svona fá atkvæði í kjörinu.

Gísli fékk 6,2% atkvæða í kosningunum en aðeins 2,8% atkvæða munur var á milli Ásgeirs og Bjarna. Þegar úrslitin eru skoðuð, er vitað mál að Gísli fékk atkvæði frá bæði sjálfstæðis- og framsóknarmönnum. Það sama er hægt að segja um Ásgeir og Bjarna og því er ljóst að kjósendur fylgdu ekki allir sínum flokksböndum. Stjórnarflokkarnir urðu fyrir vonbrigðum með kjósendur og íhuguðu meira að segja framsóknarmenn í ríkisstjórn að segja af sér, þó ekki hafi til þess komið. Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins sáu aftur á móti ekki ástæðu til afsagnar en sigur Ásgeirs bitnaði á samstarfi flokkanna í kjölfar kosninganna.

Eftir úrslitin gætti, skiljanlega, biturleika hjá Gísla þar sem hann var sár yfir útreið þeirri er hann fékk í kosningabaráttunni. Niðurstöður kjörsins hefðu með sanni farið á annan veg ef að Gísli hefði ákveðið að draga sig úraráttunni og Ásgeir og Bjarni hefðu einir att kappi. Leiða má líkur að því að þar sem stærsti hluti atkvæða Gísla komu frá stuðningsmönnum stjórnarflokkanna hefði Bjarni hlotið megnið af þeim stuðningi og sigrað kjörið. Þá hefði sagan orðið önnur og stjórnsmálaflokkarnir haft meira að segja í þeim forsetakosningum sem á eftir komu.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### **Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)**

Sendiráð Íslands í Osló, Askja B/332. Gísli Sveinsson.

#### **Safnadeild RÚV**

DB-400-1, Athöfn á Þingvöllum, Lögbergi 17. júní 1944.

#### **Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

##### **BB. Skjalasafn Bjarna Benediktssonar**

Askja 2-8. Bréf Gísla Sveinssonar til Ólafs Thors 1. september 1946 (afrit til Bjarna Benediktssonar).

##### **BB. Skjalasafn Björns Þórðarsonar**

Askja 7. Dagbók 1943 II og 1944 I. 21.-23. janúar 1944.

##### **ÓT. Skjalasafn Ólafs Thors**

Askja 22. Útvarpsræða Ólafs Thors í tilefni forsetakosninga 1952.

Askja 31. Bréf Ólafs Thors til Péturs Benediktssonar 21. apríl 1952.

Askja 31. Flokksfundur atkvæði 5. apríl 1952. Vilja menn að það sé gert að skilyrði fyrir samkomulagi að forsetaframbjóðandi sé ekki flokksbundinn í andstöðu fl. okkar.

Askja 49. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 19. febrúar 1952.

Askja 49. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 20. febrúar 1952.

Askja 49. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 28. febrúar 1952.

Askja 49. Bréf Ólafs Thors til Thors Thors 18. apríl 1952.

Askja 49. Orðsendingar og stuðningsyfirlýsingar til Ólafs Thors í maí 1952.

Askja 49. Símskeyti frá Ólafi Thors til Thors Thors 5. maí 1952.

Askja 49. Símskeyti frá Ólafi Thors til Thors Thors 9. maí 1952.

Askja 69. Bréf Kristjáns Albertssonar til Ólafs Thors 27. janúar 1952.

#### **Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Handritadeild**

##### **GS. Skjalasafn Gísla Sveinssonar**

668 NF. Gísli Sveinsson: Nokkrir þættir úr lífi og starfi. Brot úr endurminningum. Ritað í mars 1956.

##### **JG. Skjalasafn Jóns Guðnasonar**

Gísli Sveinsson, endurminningar, ásamt bréfi frá Gísla Sveinssyni til Jóns Guðnasonar 24. júlí 1955. Án handritanúmers og án safnmarks.

## Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga

### GS. Skjalasafn Gísla Sveinssonar

Askja 1. Bréf frá Gísla Sveinssyni 22. maí 1942.

Askja 1. Bréf til alþingsmanna 27. apríl 1937.

Askja 1. Bréf til Gísla Sveinssonar frá Guðjóni Jónssyni 2. ágúst 1919.

Askja 1. Frá þingmálafundum í Vestur-Skaftafellssýslu 1919.

Askja 1. Gísli Sveinsson, Hver ber ábyrgðina? Vík, nóvember 1918.

Askja 1. 613 Nefndarálit frá samvinnunefnd samgöngumála 1939 – 1. mál.

Askja 2. Bréf Gísla Sveinssonar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. nóvember 1925.

Askja 2. Ræða Gísla Sveinssonar við forsetakjör 1952.

Askja 2. Bréf Jóns Magnússonar til Gísla Sveinssonar 15. júlí 1919.

### Skjöl í einkaeign

#### Skaftfellingafélagið í Reykjavík

Fundargerðir Skaftfellingafélagsins í Reykjavík frá 21. marz 1940 - til og með 15. maí 1975.

### Prentaðar heimildir

#### Blöð

*Alþýðublaðið* (Reykjavík 1919, 1952, 1996)

*Alþýðumaðurinn* (Akureyri 1952).

*Austurland* (Neskaupstaður 1952).

*Dagur* (Akureyri 1952).

*Forsetakjör* (Reykjavík 1952).

*Forsetakynning* (Reykjavík 1968).

*Frelsi* (Reykjavík 1952).

*Fylkir* (Vestmannaeyjar 1952).

*Ísafold* (Reykjavík 1916, 1919).

*Íslendingur* (Akureyri 1952).

*Lesbók Morgunblaðsins* (Reykjavík 1980, 1982).

*Mánudagsblaðið* (Reykjavík 1952).

*Mjólnir* (Siglufjörður 1952).

*Morgunblaðið* (Reykjavík 1929, 1940, 1947, 1952, 1959).

*Nýi tíminn* (Reykjavík 1952).

*Reykvíkingur* (Reykjavík 1952).

*Rödd fólksins* (Reykjavík 1952).

*Siglfirðingur* (Siglufjörður 1952).

*Skutull* (Ísafjörður 1952).

*Tíminn* (Reykjavík 1952-1953, 1959, 1993).

*Verkamaðurinn* (Akureyri 1952).  
*Vísir* (Reykjavík 1938, 1951-1952, 1959, 1979).  
*Þjóðviljinn* (Reykjavík 1952).

## Aðrar prentaðar heimildir

Agnar Kl. Jónsson, „Í ríkisráði 1904-1918“, *Andvari* 106:1 (1981), bls. 83-98.

Agnar Kl. Jónsson, *Lögfræðingatal 1736-1963*. 2. útg. Reykjavík, 1963.

Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964 I*. Reykjavík, 1969.

Alexander Jóhannesson, „Lýðveldishátíðin. 17. júní“, *Lýðveldishátíðin 1944*. Reykjavík, 1945, bls. 137-231.

*Alþingiskosningar 1908-1949*. Hagskýrslur Íslands I: 3, 14, 38, 72, 84, 96, 113, 125 og 129, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1914-1950.

*Alþingismannatal 1845-1975*. Halldór Kristjánsson o.fl. sáu um útgáfuna. Reykjavík, 1978.

Anders Hansen, Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll. Átökin í Sjálfstæðisflokknum*. Reykjavík, 1980.

„Ályktanir og afgreidd mál fyrsta kirkjubings Þjóðkirkju Íslands, er haldið var 18.-31. okt. 1958“, *Kirkjuritið* 25:1 (1959), bls. 11-16.

Árni Jónsson, *Þjóðstjórnarannáll*. Reykjavík, 1942.

Bernharð Stefánsson, *Endurminningar. Ritaðar af honum sjálfum I*. Akureyri, 1961.

Bernharð Stefánsson, *Endurminningar. Ritaðar af honum sjálfum II*. Reykjavík, 1964.

Bjarni Benediktsson, „Ólafur Thors“, *Andvari* 91:1 (1966), bls. 3-60.

Bjarni Guðmarsson, Hrafn Jökulsson, *Forsetar íslenska lýðveldisins*. Reykjavík, 1990.

Bjarni Guðmarsson, „Hvað þarf til að sigra?“, *Frjáls verslun* 57:2 (1996), bls. 34-39.

Björn Þórðarson, *Alþingi og frelsisbaráttan 1874-1944*. Saga Alþingis. Reykjavík. 1951.

Davíð Oddson, „Geir Hallgrímsson“, *Andvari* 119:1 (1994), bls. 13-60.

Einar Olgeirsson, „Sósíalismi og samfylking“, *Réttur* 49:3 (1966), bls. 241-256.

Eliás Snæland Jónsson, *Möðruvallahreyfingin. Baráttusaga*. Kópavogur, 2010.



- Forsetakjör árið 1952*. Hagskýrslur Íslands II: 5, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1952.
- Geir Hallgrímsson, „Sjálfstæðisflokkurinn, saga hans og meginstefna“, *Kjósandinn, stjórn málin og valdið*. Reykjavík, 1965, bls. 295-322.
- Gísli Brynjólfsson, „Stjórnmalaflokkarnir og stuðningur þeirra við kirkjuna“, *Kirkjuritið* 11:2 1. febrúar (1945), bls. 71-74.
- Gísli Sveinsson, „Frá séra Jóni Sveinssyni (Nonna)“, *Vikan* 8:18 (1945), bls. 1, 3.
- Gísli Sveinsson, „Horfur í íslenskum skáldskap“, *Eimreiðin* 11:2 (1905), bls. 85-92.
- Gísli Sveinsson, *Kötlugosið 1918 og afleiðingar þess*. Reykjavík, 1919.
- Gísli Sveinsson, „Sjálfstæðismálið 1907“, *Eimreiðin* 14:2 (1908), bls. 81-95.
- Gísli Sveinsson, „Skaftafellssýsla og Skaftfellingar“, *Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar*. Akureyri, 1995, bls. 5-7.
- Gísli Sveinsson, *Skilnaðar-hugleiðingar. Nokkur rannsóknaratriði*. Reykjavík, 1915.
- Gísli Sveinsson, „Stjórnin og sjálfstæðismálið“, *Eimreiðin* 15:3 (1909), bls. 179-195.
- Gísli Sveinsson, „Trúfrelsi og kenningarfrelsi“, *Eimreiðin* 20:3 (1914), bls. 200-210.
- Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík, 2000.
- Guðmundur Hannesson, *Í aptureldingu. Nokkrar greinar um landsmál*. Akureyri, 1906.
- Guðni Th. Jóhannesson, *Fyrstu forsetarnir. Embætti þjóðhöfðingja Íslands á 20. öld. Smárit Sögufélagsins*. Brynhildur Ingvarsdóttir sá um útgáfuna. Reykjavík, 2016.
- Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen. Ævisaga*. Reykjavík, 2010.
- Guðni Th. Jóhannesson, „Tjaldað til einnar nætur. Uppruni bráðabirgðastjórnarskrárinnar“, *Stjórnmal og stjórnslýsla* 7:1 (2011), bls. 61–72.
- Gunnar G. Schram, „Gunnar Thoroddsen“, *Andvari* 111:1 (1986), bls. 5-49.
- Gunnar Helgi Kristinsson, Indriði H. Indriðason, Viktor Orri Valgarðsson, „Hvað voru kjósendur að hugsa? Forsetakosningar á Íslandi 2012“, *Stjórnmal og stjórnslýsla* 8:2 (2012), bls. 221–244.
- Gústaf A. Sveinsson, „Gísli Sveinsson, sendiherra. In memoriam“, *Tímarit lögfræðinga* 10:1 (1960), bls. 7-9.

Gylfi Gröndal, *Ásgeir Ásgeirsson. Ævisaga*. Reykjavík, 1992.

Gylfi Gröndal, *Ég hef lifað mér til gamans. Björn á Löngumýri segir frá*. Reykjavík, 1990.

„Hverjar eru sögulegar rætur 26. greinar íslensku stjórnarskrárinnar? Sérfræðingar svara Ragnheiði Kristjánsdóttur“, *Saga* 48:1 (2010), bls. 15-60.

Illugi Jökulsson o.fl., *Ísland í aldanna rás. 1900-1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. Sigríður Harðardóttir sá um útgáfuna. Reykjavík, 2000.

„Kirkjulegt starf Gísla Sveinssonar. [Fáein minningarorð, flutt af Ásmundi Guðmundssyni biskupi í Dómkirkjunni í Reykjavík 8. des. 1959]“, *Kirkjuritið* 26:1 (1960), bls. 10-13.

Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga. Hundrað ára verslun í Vík í Mýrdal II*. Vík, 1991.

Kjartan Ólafsson, *Verslunarsaga Vestur-Skaftfellinga. Hundrað ára verslun í Vík í Mýrdal III*. Vík, 1993.

Magnús Guðjónsson, *Saga kirkjuráðs og kirkjupings*. Reykjavík, 1996.

Matthías Johannessen, *Ólafur Thors. Ævi og störf I*. Reykjavík, 1981.

Matthías Johannessen, *Ólafur Thors. Ævi og störf II*. Reykjavík, 1981.

Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen. Ólafur Ragnarsson ræðir við Gunnar*. Reykjavík, 1981.

Ólafur Þ. Jónsson, „250 ára afmæli: Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur“, *Læknablaðið* 98:4 (2012), bls. 240-241.

Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Drög að þjóðríki á 19. öld og þingræði 1904“, *Þingræði á Íslandi. Samtíð og saga*. Reykjavík, 2011, bls. 59-82.

Sigurður Líndal, *Upphaf landvarnar*. Jólábækur Ísafoldar. Reykjavík, 1958.

Sigurður Ragnarsson, „Innilokun eða opingátt. Þættir úr sögu fossamálsins (með myndum)“, *Saga* 13:1 (1975), bls. 5-105.

*Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*. Hannes Hólmsteinn Gissurarson sá um útgáfuna. Reykjavík, 1989.

„Skipun prestakalla. Útdráttur úr framsöguerindi Gísla Sveinssonar“, *Kirkjuritið* 1:7 (1935), bls. 268-271.

Skúli Skúlason, „Sendiráð Íslands í Osló“, *Fálkinn* 21:49-51 (1948), bls. 10-12, 39.

Sólveig Kristín Einarsdóttir, *Hugsjónaeldur: minningar um Einar Olgeirsson*. Reykjavík, 2005.

*Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar*. 2. útg. Björn O. Björnsson sá um útgáfuna. Akureyri 1995.

Þórarinn Helgason, *Lárus á Klaustri. Ævi hans og störf*. Skaftfellinga rit. Reykjavík, 1957.

## Munnlegar heimildir

Viðtal höfundar við Sigþór Sigurðsson 4. apríl 2017.

Viðtal höfundar við Þórð Tómasson 4. apríl 2017.

## Vefheimildir

„Alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur 1874-2016“, <[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_yfirlit/KOS01900.px/table/tableViewLayout1/?rxid=572cc5b2-52e1-4bf8-af65-7df6d7e5a5c3](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__yfirlit/KOS01900.px/table/tableViewLayout1/?rxid=572cc5b2-52e1-4bf8-af65-7df6d7e5a5c3)>, skoðað 21. mars 2017.

„Gísli Sveinsson: þingsályktunartillögur. 1. flutningsmaður“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/tillogur/?nfaerslunr=170>>, skoðað 9. maí 2017.

„Gísli Sveinsson - þingsetutímabil og embætti“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/thingseta/?nfaerslunr=170>>, skoðað 7. maí 2017.

„Gísli Sveinsson. Æviágrip“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=170>>, skoðað 7. maí 2017.

„Kosningabátttaka við forsetakjör 1952-2016“, <[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_yfirlit/KOS02004.px/table/tableViewLayout1/?rxid=850c7b45-2145-4de2-abf8-41203dc86873](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__yfirlit/KOS02004.px/table/tableViewLayout1/?rxid=850c7b45-2145-4de2-abf8-41203dc86873)>, skoðað 13. október 2016.

„Nd. 88. Frumvarp til laga um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa“, <<http://www.althingi.is/altext/66/s/pdf/0088.pdf>>, skoðað 9. maí 2017.

„Nd. 567. Frumvarp til laga um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa“, <<http://www.althingi.is/altext/63/s/pdf/0567.pdf>>, skoðað 9. maí 2017.

„Nefndarseta: Gísli Sveinsson“,  
<<http://www.althingi.is/altext/cv/is/nefndaseta/?nfaerslunr=170>>, skoðað 7. maí 2017.

„Sjálfstæðisstefnan“, <<http://xd.is/um-flokkinn/sjalfstaedisstefnan-2/>>, skoðað 29. júlí 2017.

„Sveinn Eiríksson. Æviágrip“, <<http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=567>>,  
skoðað 5. maí 2017.

„Úrslit forsetakjörs eftir frambjóðendum og kjördæmum 1952-1996“,  
<[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_forsetakosningar/KOS07112.px/table/tableViewLayout1/?rxid=18e0fa2d-60a1-426e-9e4f-9ea635f22d5f](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__forsetakosningar/KOS07112.px/table/tableViewLayout1/?rxid=18e0fa2d-60a1-426e-9e4f-9ea635f22d5f)>,  
skoðað 13. október 2016.